



Þjóðfræði hvað?
Kennsluefni fyrir framhaldsskóla

(sýnishorn)



Þórunn Kjartansdóttir
2014

Til athugunar

Kennsluefnið sem hér er kynnt er einvörðungu sýnishorn af því hvernig hægt er að vinna með þjóðfræði og kynna hana fyrir framhaldsskólanemendum. Kaflar kennsluefnisins eru í heildina fjórir. Kennsluefnið er þó ekki fullmótað þannig að það sé hægt að nýta til þess að leiða áfanga í framhaldsskóla frá byrjun til enda. Með áframhaldandi vinnu höfundar er þó hægðarleikur að bæta við kennsluefnið svo því markmiði verði náð.

Gert er ráð fyrir að nemendur geti nálgast efnið á rafrænan hátt, annað hvort sem rafbók eða sem gagnvirk pdf-skjal. Efnið yrði því ekki gefið út á prenti heldur lesið á tölvum. Til að nýta fulla virkni kennsluefnisins er nauðsynlegt að vera tengdur við internetið þar sem inni í lesefninu eru vefslóðir til uppfyllingar kennsluefninu, svo sem hljóðupptökur og myndbönd. Á einfaldann hátt er hægt að smella á myndir og texta sem afmarkaður er í kennsluefninu og flyst þá lesandinn sjálfkrafa yfir á þá netsíðu sem um ræðir í hvert sinn. Fyrir þá sem ekki hafa tök á því að lesa efnið samhliða því að vera tengtir interneti eru í lok hvers kafla listaðir upp allir tenglar sem vísað er á með þessum hætti.

Um kennslufnið

Kennslufni þetta er unnið sem lokaverkefni í hagnýtri þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Markmið þess er að kynna þjóðfræði og rannsóknasvið fagsins og gagn þess fyrir nemendum á framhaldsskólastigi. Um leið er gert ráð fyrir að nemendur læri að kanna sjálfa sig, samfélag sitt og annarra með opnum huga og á nýjan hátt og um leið öðlast færni í að greina og flokka mismunandi þætti þjóðfræðiefnis og að geta heimfært hugmyndir og kenningar þjóðfræðinnar á eigin raunveruleika. Nemendur eiga á þann hátt að öðlast skilning á síbreytileika þjóðfræðiefnis sem er allt í kringum nemendur og hluti af daglegu lífi nútímans, sem og fortíðinni. Kennslufnið er meðal annars hugsað til að auka víðsýni, umburðarlyndi og þekkingu nemenda á nærsamfélagi sínu. Það er von höfundar að efnið stuðli að því að nemendur læri að þekkja sjálfa sig betur, og að umræðan hjálpi þeim að feta slóð unglingsáranna og takast á við fullorðinsárin.

Sú samtvinnun sem farin er með því að kynna þjóðfræðina sem fag og opna augu nemenda fyrir því að þeir eigi hlutdeild í þjóðfræði samfélagsins er látin endurspeglast í nafngiftum á einstaka köflum efnisins. Hér er þjóðfræðin persónugerð. Hver kafli fyrir sig vísar í fræðigreininna með persónufornafni en vísar um leið til nemandans sjálfs til að undirstrika að þetta sé hans efni. Þannig á heiti fyrsta kafla, *Hver er ég?*, að vísa til kynningar á þjóðfræðinni en einnig til að fá nemandann til að velta fyrir sér hver hann er í þessu samhengi. Kennslufnið byggir af þessum sökum mikið á virkri þátttöku nemenda og að þeir leiti nær sér að efni sem hægt sé að skoða og velta fyrir sér. Viðfangsefnið er þannig allt í senn nemendur sjálfir og þjóðfræðileg nálgun á samfélagið. Er það trú höfundar að efnið og hugmyndirnar sem þar birtast geti nýst á fleiri sviðum náms en eingöngu sem sérfag um þjóðfræði. Má í því sambandi nefna að gert er ráð fyrir að kennslufnið gæti nýst sem innlegg í lífsleikni, félagsfræði, íslensku og sögu.

Með kennslufninu fylgir ítarleg skýrsla þar sem fjallað er um á hvaða fræðilegu stöðum kennslufnið hvílir og hvernig það mætir kröfum nýrrar aðalnámskrá um nám og kennslu í framhaldsskólum hér á landi. Síðasti hluti skýrslunnar er hugsaður sem leiðarvísir fyrir kennara sem nýta sér kennslufnið. Þar er farið dýpra í efnið og vísað í fræðirit tengd faginu, kennurum til hagsbóta. Þar er einnig fjallað um grunnhugmyndir hvers kafla fyrir sig og hvað það er sem höfundur vill ná fram í kennslufninu. Er það von höfundar að efnið nýtist sem best og verði í framtíðinni hluti af námsefnisflóru framhaldsskóla.

Þórunn Kjartansdóttir
Þjóðfræðingur



Hver er ég?

Þjóðfræði í samtíma og sögulegu ljósi

Hvað er þjóðfræði og hvaða erindi á hún við framhaldsskólanemendur? Þessi spurning á fyllilega rétt á sér, enda er mikilvægt í öllu námi að velta því fyrir sér hvers vegna nauðsynlegt sé að læra hvert fag fyrir sig og hvernig nemandinn geti nýtt sér námsefnið. Þessari spurningu er þó ekki auðsvarað og ekkert eitt svar sem gefur tæmandi lýsingu á því hvað þjóðfræði er. Fyrir þá sem ekki þekkja neitt til þjóðfræði gefur ekki augaleið hvert er viðfangsefni hennar. Sviðið er vítt og í reynd eru kannski engin takmörk á því hvað þjóðfræðin getur fengist við. Þó snúast rannsóknirnar allar um fólk og samskipti þess í sem víðustu mynd þess hugtaks. Sumir hugsa kannski þegar þeir heyra minnst á þjóðfræði að hún fjalli eingöngu um eitthvað gamalt og skítugt sem á engan hátt tengist nútímanum. Vissulega er margt af því sem þjóðfræðin fæst við komið til ára sinna en þjóðfræðin er einnig svo miklu meira. Hún tengist daglegu lífi okkar sterkum böndum á stóran hlut í því hver við erum og hvernig við sýnum öðrum hver við erum



A hverjum degi verður til nýtt þjóðfræðiefni, því á hverjum degi á fólk í samskiptum hvert við annað. Í raun er hægt að segja að þjóðfræði sé allt það sem við kunnum og vitum án þess að hafa lært það í skóla. Við lærum það á óformlegan hátt í daglegum samskiptum meðal annars á netinu og í gegnum sjónvarp og oft án þess að vita hvernig það gerist. Tilgangur þessa kafla er að kynna fjölbreytileika og sögu þjóðfræðinnar, helstu svið hennar og hvernig hægt er að sjá þá sameiginlegu þræði sem liggja í samfélaginu í gegnum þjóðfræði. Sú þekking sem aflað er með sjónarhorni þjóðfræðinnar er bæði skemmtileg og gagnleg. Hún hjálpar okkur að læra að þekkja hver við erum en um leið aðstoðar hún okkur við að þekkja til óformlegrar virkni samfélaga. Með þá vitneskju getum við haft upplýstari áhrif á nærumhverfi okkar. Við getum einnig lært að taka þátt í þeim breytingum sem við viljum sjá á því og staðið vörð um þá þætti sem eru okkur þýðingarmiklir og við viljum vernda. Til að þetta geti átt sér stað er mikilvægt að hver og einn sé tilbúinn að líta í eigin barm og skoða sína þjóðfræði með opnum hug.

Hvar byrjaði þetta allt? Ljóst er að þjóðfræði hefur ávallt fylgt manningum, allt frá því hann fór að tala, segja sögur, vinna með verkfærum, elda og klæða sig, sem sagt löngu áður en menn fóru að geta skrifað um tilveru sína. Maðurinn hefur þó ekki alltaf veitt þjóðfræði athygli eða rannsakað hana sérstaklega. Það eru í raun rannsakingurnir sjálfir sem skilgreina hvað sé þjóðfræði, fremur en fólk þjálft sem skapar hana. Þegar menn hófu að gefa þjóðfræði gaum voru það aðallega þjóðsögur og sagnir sem áttu uppruna sinn meðal alþýðu og bændastéttar sem vöktu athygli fræðimanna. Í þessu samhengi eru þýsku bræðurnir Wilhelm og Jacob Grimm taldir vera ákveðnir upphafsmenn fræðigreinarinnar, en þeir hófu söfnun á þjóðsögum og ævintýrum í Þýskalandi á 19. öld. Þeir söfnuðu sögum sem höfðu allt fram að því gengið munnlega mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, sem sagt höfundarlausu efni sem enginn hafði skrifað niður fyrr en þeir hófu að safna því. Bræðurnir gáfu út safn sitt *Kinder- und Hausmärchen* fyrst á árunum 1812 og 1815, en það þekkjum við flest í dag undir heitinu „Grimmsævintýri“. Mörg ævintýrin sem þar er að finna, eins og *Hans og Gréta*, *Rauðhetta*, *Öskubuska* og *Mjallhvít og dvergarnir sjö*, kunnum við vel og getum farið með blaðlaust.


Verkefni

Skiptið hópnum niður í 4-7 manna hópa þar sem einn úr hverjum hóp er valinn til að segja eitt af ævintýrunum sem nefnd voru í textanum til hinna sem í hópnum eru. Þegar allir sögumennirnir hafa sagt söguna sínum hóp færa þeir sig yfir í næsta hóp og byrja frásögnina upp á nýtt. Þannig gengur það þangað til allir sögumennirnir hafa sagt öllum hópunum sína útgáfu af ævintýrinu. Eftir það ættu áheyrendurnir að hafa heyrt sama ævintýrið í það minnsta í þremur útfærslum. Ræðið hvort hægt sé að flokka frásagnirnar þrjár sem sömu söguna og hvað þær þurfi að hafa til að hægt sé að flokka þær með þeim hætti? Hvað var líkt og hvað var ólíkt?

Þó að þeim ævintýrum hafi ef til vill fyrst verið safnað í sveitahéruðum Þýskalands kom í ljós þegar fleiri hófu söfnun á sams konar efni víðsvegar um heiminn að sömu ævintýrin dúkkuðu upp aftur og aftur. Ævintýrin voru þó ekki orðrétt hin sömu en ákveðin lyklatríði þessara ævintýra fundust í mörgum útgáfum í mörgum löndum. Sem dæmi um þetta er að íslenska útgáfan af *Mjallhvíti og dvergum sjö* sem finna má í safni Jóns Árnasonar heitir þar *Sagan af Vilfríði Völufegri*. Þegar þessar tvær sögur eru bornar saman, hin íslenska og svo útgáfan úr safni Grimm bræðra, sést vel að ákveðin atriði er að finna í báðum sögunum en ljóst að íslenska ævintýrið hefur aðlagð sig að íslenskum kringumstæðum. En ævintýri lifa ekki aðeins í þjóðsagnasöfnum. Í dag sjáum við þessi ævintýri notuð í kvikmyndum, sjónvarpi og skáldsögum.

Það er ekki eingöngu í ævintýrunum og þjóðsögnum sem við sjáum að einstök atriði (svokölluð sagnaminni) eru notuð aftur og aftur, heldur getum við séð þetta í fornsögnum okkar líka. Sem dæmi má nefna *Bjólfskviðu* og *Grettissögu*, en í þeim eru frásagnir af óvættum sem ógna heimilisfólki eða veislugestum. Nákvæmlega sama minnið birtist í þjóðsögnum þegar álfar gera óskunda á heimilum á jólanótt. Enn í dag er verið að nota þessi sömu minni í t.d. kvikmyndir. Mætti í því samhengi benda á *Die Hard*, *Home Alone* og fleiri. Skoðið þessi dæmi sem eru nefnd og reynið að finna fleiri. Hvað eiga þau sameiginlegt?

Grimm bræður voru með þeim fyrstu til að safna efni með það að leiðarljósi að skrá það orðrétt eftir heimildamönnum (þó seinna hafi komið í ljós að sú var ekki alltaf raunin). Af þeim sökum eru þeir oft nefndir upphafsmenn þjóðfræðinnar. Eftir að þeir hófu söfnun sína hófst einnig söfnun í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Írlandi, Skotlandi og Færeyjum. Jón Árnason var fyrstur til að safna og gefa út efni af þessu tagi hér á landi á skipulegan hátt. Ritið *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* kom fyrst út árið 1862-1864. Magnús Grímsson var fyrst í stað með honum í þessari söfnun og höfðu þeir áður gefið út smákver, *Íslensk æfintýri*, árið 1852. Magnús dó ungur en Jón hélt söfnuninni áfram eftir dauða hans og tókst að gefa út þetta mikla rit, *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* með hjálp góðra manna, þar á meðal Jóns (forseta) Sigurðssonar, Guðbrands Vigfússonar og þýska þjóðfræðisafnarans Konrad Maurer.



Jón Árnason þjóðsagnasafnari (1819-1888)

Til umræðu og umhugsunar

Það sem er kannski athyglisverðast við söfnun Jóns Árnasonar er sú staðreynd að hann fór ekki sjálfur um landið og safnaði efni, heldur skrifaði hann embættismönnum, prestum, hreppstjórum og sýslumönnum sem hann þekkti bréf þar sem hann bað þá um að fara og ræða við fólk í nágrenni við sig og safna frásögnum þeirra, skrifa niður og senda honum. Hvaða áhrif ætli þessi aðferð hafi haft á safnið í heild sinni? Hvaða tryggingu hafði hann til að mynda fyrir því að efnið væri rétt skráð? Það er einnig áhugavert að velta fyrir sér af hverju það skiptir máli að að sögurnar séu skrifaðar orðrétt niður. Er sama sagan t.d. alltaf sögð nákvæmlega eins og ef ekki, hverju skiptir þá hvernig hún er skrifuð niður? Hver hefur rétt á að breyta henni?

Fleiri hafa safnað þjóðfræðiefni í gegnum árin og enn er verið að safna efni. Á vefnum sagnagrunnur.com hafa verið teknar saman flestar þær sagnir sem til eru á prenti og upplýsingar um heimildamenn þeirra og safnara. Þar er hægt að slá inn leitarorð, eins og t.d. draugur, fylgjur eða jólanótt, og fá þá allar þær íslensku sagnir sem fjalla um þessi hugtök. Einnig er hægt að sjá landfræðilega dreifingu sagnanna og leita eftir staðarnöfnum. Á vefsvæðinu ismus.is er svo að finna efni sem safnað hefur verið á 20. og 21. öldinni hér á landi og er varðveitt á segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Á vefsíðunni er hægt að hlusta á heimildamenn sjálfa segja sögur sína og fara með rímur.

Verkefni



Þegar smellt er á myndina hér til hliðar er hægt að hlusta á frásögn Ólafar Þorleifsdóttur frá Grundarfirði um heimsókn manna í álfheima og afleiðingar þess að neita álfum um eitthvað. Hafið þið heyrt viðlíka frásögn áður? Skoðið þau vefsvæði sem nefnd hafa verið og athugið hvort hægt sé að finna samsvarandi sagnir í þeim. Ef slík sögn finnst í sagnagrunninum, hver er þá heimildarmaðurinn og hvaðan er sú frásögn? Spyrjist fyrir í fjölskyldu ykkar hvort einhver kannist við þessa frásögn og fáið viðkomandi til að segja ykkur hana. Fáið að hljóðrita frásögnina eða skrifið hana orðrétt upp eftir þeim sem segir. Berið þá frásögn saman við hinar sem þið hafið fundið. Af hverju ætli fólk hafi sagt slíkar sögur?

Þjóðfræðin fæst við miklu meira en sögur og ævintýri eins og sjá má í myndbandinu hér að framan. *Þjóðfræði hvað er það?* frá námsbraut í Þjóðfræði og Safnafræði í Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún getur í raun tekið á öllu sem viðkemur mannlegum athöfnum, hvort sem það er í fortíð eða nútíð. Þjóðfræðin rannsakar líka hvernig fólk mótar líf sitt og umhverfi í ólíkum samfélögum og fæst við samskipti fólks og hvernig það tjáir sig í hversdagsleikanum með alþýðlegu listfengi. Hægt er að horfa á þjóðfræði sem ákveðinn spegil samfélagsins sem gefi okkur tækifæri til að skilja betur á hvaða stöðum samfélög standa. Þjóðfræðin leggur áherslu á að skoða hið óformlega og hversdagslega í lífi fólks, leggur áherslu á munnlegar frásagnir einstaklinga, gjörðir þeirra, siði og venjur sem önnur fræðasvið gefa oft og tíðum lítinn gaum.

Hugmyndir fræðimannanna sem fyrstir fóru að safna þjóðfræðiefni gengu út á að þar mætti finna gamlan kjarna þjóðmenningarinnar sem hefði varðveist meðal alþýðunnar og bændastéttarinnar. Trúin var að hægt væri að finna goðsögur á bak við ævintýri og forna helgisiði á bak við siði bænda. Talið var að í framþróun iðnbyltingarinnar og með auknu læsi hefði þorri fólks glatað niður þessari fornu þekkingu sem finna mætti þó enn meðal bændastéttarinnar. Seinna sáu fræðimenn að þjóðfræðina (sem sagt munnlegar sögur og siðir) mætti finna mikið víðar en eingöngu hjá bændum, eða hjá öllum stéttum, því að sögurnar, hátíðirnar, leikirnir og hlutirnir sem fólk hefur í kringum sig; allt er þetta þjóðfræði. Þjóðfræði af þessu tagi er hluti af því hver við erum og tengist því hvernig við sjáum og sýnum okkur sjálf.

Alan Dundes - Who Are The Folk?

The term "folk" can refer to any group of people whatsoever who share at least one common factor. It does not matter what the linking factor is – it could be a common occupation, language or religion - but what is important is that a group formed for whatever reason will have some traditions which it calls its own. In theory a group must consist of at least two persons, but generally most groups consist of many individuals. A member of the group may not know all other members, but he will probably know the common core of traditions belonging to the group, traditions which help the group have a sense of group identity

(Dundes, 1980: 6-7)

Hverjir eru þjóðin ?

Hugtakið „þjóð“ nær yfir hvern þann hóp fólks sem eitthvað á sameiginlegt. Það skiptir ekki máli hvað það er sem tengir fólk saman – það getur verið sameiginleg atvinna, tungumál eða trúarbrögð - það sem skiptir máli er að hópurinn sem hefur orðið til af hvaða ástæðu sem er á sér sameiginlega hefð sem hópurinn gerir tilkall til. Tæknilega verður hópur að samstanda af að minnsta kosti tveimur einstaklingum, en flestir hópar samstanda af mörgum einstaklingum. Meðlimur í hópnum þarf ekki að þekkja alla þá sem tilheyra hópnum, en hann mun sennilegast þekkja til þess kjarna hefðarinnar sem hópurinn stendur saman um, hefð sem hjálpar hópnum að finna fyrir samkennd (þýðing höfundar).

Innan hvers samfélags eru margir hópar og hver þeirra hefur sína þjóðfræði, hefðir, sögur og aðra hversdagsmenningu sem sameinar hópinn (sjá textabox). Sú merking sem við setjum í hluti og hegðun er þó breytileg, en það er hún sem skapar hugmyndir okkar um okkur sjálf og aðra. Þjóðfræðin aðstoðar því ekki eingöngu við að skilgreina hverjir tilheyra hvaða hóp heldur ekki síður hvaða hóp þeir tilheyra ekki. Markmið þjóðfræðinnar er meðal annars að rannsaka þessa menningu hópa og greina hana í von um að varpa ljósi á virkni hennar og tilgang fyrir þá sem henni tilheyra. Þær aðferðir sem beitt er snúa að stórum hluta að söfnun efnis, sögu, ljósmyndum, frásögnum og öðru frá því fólki sem verið er að skoða hverju sinni. Síðan þarf að greina allt það efni.



Skyndibitabox



Askur

Verkefni

Báðar þessar myndir sýna hluti sem flest okkar geta lagt ákveðna merkingu í og þeir eru báðir hluti af menningu okkar. Það er viðhorfið til þeirra sem greinir þá að fremur en hvernig þeir hafa verið nýttir í gegnum árin. Hver er munurinn? Er kannski enginn munur á milli þeirra? Það getur

verið gaman og gagnlegt að bera saman hluti sem við fyrstu sýn virðast fátt eiga sameiginlegt en þegar betur er að gáð hafa ýmislegt sammerkt. Hvað segja þessir tveir hlutir okkur um samfélagið og þær breytingar sem á því hafa orðið frá því þessi tvö matarflát litu dagsins ljós?

Fleiri dæmi er hægt að finna og getur verið gagnlegt að fara inn á sarpur.is, sem er gagnagrunnur yfir alla þá muni sem safnað hefur verið hér á landi og eru varðveittir á söfnum landsins. Þar er hægt að sjá ógrynni ljósmynda af misgömlum hlutum. Mörgum þeirra gripa sem þar er að finna fylgir frásögn um sögu þeirra og notagildi. Það getur verið gagnleg æfing að skoða vefinn og velja fyrir sér hvort þar sé að finna einhverjar svipaðar hliðstæður í nútímanum og milli þessara matarfláta. Hvað segir munurinn um menningu okkar?

Það voru ólíkir hópar sem nýttu sér þau matarflát sem sjást fyrir ofan og þau tengdust einnig ólíkum samfélagsgerðum. Hönnun þessara hluta og þróun hvílir á praktískum grunni sem og fagurfræðilegum. Það er áhugavert að velja því fyrir sér að í 18. aldar samfélagi þar sem mikið vinnuálag var á fólki gaf það sér samt tíma til að skreyta hlutina í kringum sig eins og sjá má á askinum hér að ofan. Skreytingar sem þessar geta sagt okkur ýmislegt og rannsóknir í þjóðfræði geta einmitt gengið út á að skoða og greina listfengið í daglegu lífi okkar. Þjóðfræðingum leikur einnig forvitni á að vita *af hverju* fólk gerir það sem það gerir. Til dæmis, hvað er það sem fær okkur til að halda upp á afmæli okkar? Af hverju telur fólk sig geta séð utan á óléttum konum hvors kyns ófædda barnið sé? Af hverju segjum við hvert öðru sögur og brandara? Af hverju klæða kynin sig á mismunandi hátt? En það er ekki bara forvitnin sem rekur þjóðfræðinga áfram, heldur einnig trú þeirra á að með því að skoða þætti í hversdagslífi fólks getum við betur skilið hvað það merkir að vera manneskja, og hvað gerir okkur að því sem við erum. Þjóðfræðin leitast þannig við að sjá það sérstæða í samfélaginu en um leið hið almenna, sem sagt það sem er svo samofið daglegu lífi og hugsun að því er oftast ekki gefinn gaumur. Það sem átt er við þegar nefnt er í sömu andrá að eitthvað sé sérstakt og almennt er að athafnir eins og hefðir eða sögur eru sérstæðar fyrir okkur, en þegar horft er á samsvarandi efni ólíkra hópa sjá þjóðfræðingar oftast en ekki einhvern samnefnara sem tengir saman það sem í fyrstu virðist ekkert eiga sameiginlegt. Til að geta greint það almenna í því sérstæða er mikilvægt að safna efni til að bera saman. Stór hluti af vinnu þjóðfræðinga er því heimildasöfnun og skráning og greining á efninu sem safnað er.

Til athugunar áður en hafin er söfnun á þjóðfræðiefni

Æfingin skapar meistarann í söfnun þjóðfræða eins og svo mörgu öðru enda er enginn smiður í fyrsta sinn. Það eru þó nokkur atriði sem vert er að hafa í huga áður en farið er að taka viðtöl og safna sögum, frásögnum og öðru sem verður á vegi ykkur. Það fyrsta er að ákveða hverju þið ætlið að safna og hvað þið ætlið að gera með efnið. Þið þurfið þannig að afla ykkur upplýsinga um viðfangsefnið og hafa sem besta bakgrunnsþekkingu um viðfangsefnið áður en lagt er af stað. Það auðveldar ykkur að spyrja og fá sem mestar upplýsingar frá viðmælandanum. Annað er að finna viðmælanda sem vill tala við ykkur og upplýsa hann um áform ykkar. Það er mjög mikilvægt að vera heiðarlegur og einlægur í samskiptum sínum við heimildarmenn. Með því að sýna fólki virðingu og hlusta með athygli á það sem það segir fáið þið mun betri og meiri upplýsingar en ef áhugaleysi eða vantrú skín úr andlitum ykkar. Þá er betur heima setið en af stað farið. Ljóst er að allir hafa frá einhverju að segja; það þarf bara að hlusta eftir því, en það að hlusta án þess að spyrja of mikið getur einmitt verið lykillinn að góðu viðtali. Þær spurningar sem bornar eru fram við viðmælandann þurfa einnig að vera opnar en ekki leiðandi og þröngar.

Samþykki á notkun á þjóðfræðiefni

Bestu þakkir fyrir að ljá máls á því að deila þekkingu þinni. Með undirskrift þinni gefur þú leyfi fyrir að frásögn þín verði hljóðrituð/kvikmynduð og unnið með hana áfram í tengslum við áfanga í þjóðfræði. Upptökurnar verða varðveittar í bókasafni skólans og farið með þær eins og aðrar heimildir.

(undirskrift heimildarmanns)

(dagsetning)

(undirskrift safnara)

(dagsetning)

Athugasemdir: _____

Ef það er eitthvað sem kemur fram í upptökunni sem þú vilt að verði undir nanfleynd eða verði ekki varðveitt eða notað er það sjálfsagt mál. Taka þarf slíkt fram í viðtalinu sjálfu eða við undirritun á þessu eyðublaði.

Dæmi um opna spurningu er: *Gætirðu sagt mér frá uppvexti þínum?* Eða: *Hvernig var að alast upp á þessum stað?* Dæmi um leiðandi spurningu er aftur á móti: *Var ekki erfitt að alast upp hérna?* Eða: *Var gott eða slæmt að alast upp þarna?* Í fyrri dæmunum er viðmælandanum gefið færi á að velja sjálfur hvernig hann lýsir uppvexti sínum og frá hverju hann segir. Í seinni dæmunum er annars



vegar boðið upp á mjög þröngt svar sem hægt er að svara með einni setningu og hins vegar ákveðið hvernig ræða skuli um uppvöxtinn, með þeim lýsingarorðum sem í spurningunum liggja. Þetta eru kannski orð sem viðmælandinn myndi ekki sjálfur velja til að lýsa uppvexti sínum. Hér er það æfingin sem skiptir mestu, sem sagt að spyrja réttu spurninganna og finna hvenær er rétt að hlusta bara og bíða rólegur meðan viðmælandinn talar. Það er allt í lagi að það verði þögn í viðtalinu; að bíða hljóður eftir að viðmælandinn segi eitthvað getur gefið góða raun. Hafið svo einnig með ykkur myndavél og dagbók til að skrá allt það sem ykkur dettur í hug, bæði fyrir og eftir viðtalið. Slíkar vettvangsnótur geta komið að góðu gagni þegar farið er að vinna með viðtölin. Þær skerpa sýn og hjálpa til við að rifja upp viðtalið.

Ekki er þó alltaf þörf á formlegum viðtölum þegar þjóðfræðiefni er safnað. Það er einnig mögulegt að fylgjast með ákveðnum hóp og punkta niður það sem þar kemur fram og fá síðan leyfi til að nota efnið sem safnað er með þeim hætti í verkefnið sem verið er að vinna. Þannig getur hádegismatur með vinum verið góður vettvangur til að safna efni, eða þegar við sitjum með fjölskyldunni við eldhúsbordið heima eða jafnvel í bílnum á leið í skólann. Þjálfunin snýst einnig um að læra að hlusta eftir þjóðfræðidæmum sem við heyrum á hverjum degi án þess að gera okkur grein fyrir að um þjóðfræðiefni sé að ræða. Brandarar, hjátrú eða stuttar frásagnir geta flokkast sem þjóðfræðiefni eins og nefnt hefur verið áður. Dæmi um þetta gæti verið þegar einhver bankar í við og segir „7, 9, 13“ eða segist ekki ætla að segja að eitthvað gangi vel til að hafa ekki áhrif á útkomuna. Sá leikur að berja í öxlina á þeim sem situr næst þér í bíl þegar ekið er fram hjá gulum bíl er einnig dæmi um þjóðfræði. Ýmis konar hefðir af þessu tagi eru þjóðfræði. Önnur dæmi eru jóla- eða páskamaturinn og siðir tengdir hátíðum eða skemmtunum.

Þrískipting þjóðfræðinnar

Þjóðsagnafræði tekur til þess sem hér hefur verið nefnt hinn andlegi vettvangur þjóðmenningar, viðfangsefni þjóðsagnafræðinnar eru þjóðsögur og sagnir, þjóðkvæði og vísur, gátur, leikir og annað frásagnarefni sem borist hefur frá manni til manns í munnlegri geymd. *Þjóðhættir* taka til verkmenningar, húsagerðar, vinnubragða og annars er lýtur að verklegum þáttum menningar. *Þjóðlíf* er hinn félagslegi þáttur þjóðmenningarinnar. Á vettvangi þjóðlífsins beinist rannsóknin að samfélagi liðins tíma og mannlegum samskiptum, siðum, venjum, kostum og kjörum genginna kynslóða.

(Jón Hnefill Aðalsteinsson, 1985: 10)

Þjóðfræði er skipt niður í þrjú megin svið til þess að ná betur utan um fræðigreinina. Hér á eftir verður einn kafli fyrir hverju sviði í kennsluefninu. Þessi skipting er þó eingöngu til einföldunar og þið munuð fljótlega sjá hversu víða þessi þrjú svið skarast og að erfitt getur verið að flokka sumt efni niður í aðeins þrjú svið.

Umræður og verkefni

‡ Hvað er þjóðfræði í ykkar huga og hvaða þjóðfræðiefni getið þið nefnt sem er beintengt við ykkur sjálf?

A). Skoðið þrískiptingu Jóns Hnefils hér að framan og finnið þjóðfræðiefni sem passar inn í hvern af þessum þremur flokkum.

B). Skoðið í veskin ykkar, skólatöskuna og/eða veltið bara fyrir ykkur fötunum sem þið eruð í. Er eitthvað af þessu kannski þjóðfræðiefni – eða allt? Leynist kannski heilmikil þjóðfræði bara í símunum ykkar?

Skrifið niður á blað hluti sem þið eruð með inni í tíma, sögur og frásagnir sem þið finnið í símanum ykkar og/eða á facebook og viðburði sem búið er að bjóða ykkur á næstu daga eða þið vitið að verða næstu daga.

Hvað getið þið lesið út úr þessum lista?

C). Punktið niður hjá ykkur nokkur atriði sem þið teljið að falli undir þjóðfræði og ræðið í smærri hópum af hverju þið teljið þetta flokkast sem þjóðfræði og hvað þessi dæmi segja ykkur um það samfélag sem þau koma úr.

Brandarar er einn angir þjóðfræðinnar

Hafnirðingur, Akureyringur og Reykvíkingur höfðu verið staddir á eyðieyju í 3 daga og voru orðnir mjög hungraðir. Akureyringurinn ákveður í örvæntingu sinni að reyna að borða sand. Þegar hann byrjar að grafa í sandinum finnur hann flösku sem hann opnar. Upp úr flöskunni kemur andi sem segir við þá að hver þeirra fái eina ósk fyrir að frelsa hann úr flöskunni. Akureyringurinn vildi óska sér fyrst því það var hann sem fann flöskuna. Hann óskar sér að vera kominn heim til fjölskyldu sinnar. Það sama gerir Reykvíkingurinn. Þegar komið er að Hafnirðingnum segir hann: „Mér leiðist að vera hérna aleinn – ég óska þess að hinir tveir komi aftur!“

(Ísak Freyr Valsson, 2008).

D). Setjist niður í litlum hópum og segið hvert öðru brandara sem þið kunið, skrifið þá niður og skrifið niður hvar þið heyrðuð þá og undir hvaða kringumstæðum þeir voru sagðir.

- Hvernig brandarar eru þetta?

- Af hverju segjum við brandara og hverju eru þeir að lýsa?

- Hvað segja þessir brandarar um okkur, sem segjum þá og finnst þeir myndnir?

- Hvað er fyndið við þá og hversvegna?

Heimildir sem vitnað er beint til í kaflanum:

Dundes, Alan. (1980). Who Are The Folk? Í Alan Dundes (ritst.), *Interpreting Folklore* (1-19). Bloomington: Indiana University Press.

Ísak Freyr Valsson. (2008). *Brandarar og gátur*. Sótt 07.09.14 á <http://isakvalsson.blogspot.com/>

Jón Hnefill Aðalsteinsson (1985). *Þjóðtrú og þjóðfræði*. Reykjavík: Iðunn.

Heimildir sem kafliinn byggir á

Fife, Wayne. (2005). *Doing Fieldwork: Ethnographic Methods for Research in Developing Countries and Beyond*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.

Glassie, Henry. (1995). *Passing the Time in Ballymenone*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.

Guðbrandur Vigfússon. (1862). Formáli. Í Jón Árnason, *Þjóðsögur og ævintýri* (I bindi, V-XXXIII). Leipzig: J. C. Hinrichs's Bókaverslun.

Gunnell, Terry. (2007). Íslenskir þjóðhættir í alþjóðlegu samhengi. Í Rósa Þorsteinsdóttir (ritst.), *Sú þrá að þekkja og nema: Greinar um og eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili* (24-47). Reykjavík: Landsbókasafn Íslands- Háskólabókasafn.

Hallfreður Örn Eiríksson. (1983). Þjóðsagnafræði. Í Jakob Benediktsson (Ritstj.), *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* (307-310). Reykjavík: Bókmennta-fræðistofnun Háskóla Íslands.

Jackson, Bruce. (1987). *Fieldwork*. Urbana og Chicago: University of Illinois Press

Jón Árnason. (1954-1961). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (1.-6. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Maynes, Mary Jo, Pierce, Jennifer L. og Laslett, Barbara (2008). *Telling Stories: The Use of Personal Narratives in the Social Sciences and History*. Ithaca, NY: Cornell University Press.

Munnlegsaga.is (á.á.). *Miðstöð munnlegrar sögu: Hagnýtar leiðbeiningar*. Sótt 07.09.14 á <http://munnlegsaga.is/index.php?page=hagnytar-leidbeiningar>

Noyes, Dorothy. (2003). Group. Í Burt Feintuch (ritstj.), *Eight Words for the Study of Expressive Culture*, (7-41). Urbana og Chicago: University.

Oring, Elliot. (1986). On the Concepts of Folklore. Í Elliott Oring (ritstj.), *Folk Groups and Folklore Genres: An Introduction* (1-22). Longan Utah: Utah State University Press.

The American Folklife Center. (á.á.). *Folklife and Fieldwork: An Introduction to Field Techniques*. Sótt 07.09.2014 á <http://www.loc.gov/folklife/fieldwork/index.html>

Wilson, William. A. (1986). Documenting Folklore. Í Elliott Oring (ritstj.), *Folk Groups and Folklore Genres: An Introduction* (225-258). Longan Utah: Utah State University Press.

Ögmundur Helgason. (1991). Upphaf að söfnun íslenskra þjóðfræða fyrir áhrif frá Grimmsbræðrum. Í *Árbók:Landsbókasafn Íslands* (112-124). Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.

Myndaskrá:

Mynd á bls. 6: Álfkona <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/645073/>

Mynd á bls. 6: Jón Árnason: [http://en.wikipedia.org/wiki/J%C3%B3n_%C3%81rnason_\(author\)](http://en.wikipedia.org/wiki/J%C3%B3n_%C3%81rnason_(author))

Mynd á bls. 7: Askur: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6590>

Mynd á bls. 7: Skyndibitabox: <http://www.partypacks.co.uk/union-jack-clamshell-box-10-8cm-pid89479.html>

Vefslóðir:

Frásögn Ólafar Þorleifsdóttur á bls. 6: <http://www.ismus.is/Apps/WebObjects/Tatu.woa/swdocument/174179/Saga+af+Eyj%C3%B3lf+vinnumann+og+prestinum+sem+f%C3%B3r+til+%C3%A1lfa+%C3%A1+n%C3%BD%C3%A1rsn%C3%B3tt.mp3>

Sagan af Vilfríði völufrægi á bls. 5: <http://www.snerpa.is/net/thjod/vilfrid.htm>

Sagnagrunnur.com

Sarpur.is

Spaugstofan á bls. 10 <https://www.youtube.com/watch?v=ww9nDCHL6ts>

Þjóðfræði hvað er það á bls. 4: http://www.hi.is/felags_og_mannvisindadeild/thjodfraedi_hvad_er_thad

Ég og hefðirnar mínar



Hefðir eru svo sjálfsagður hluti af daglegu lífi okkar að við leiðum sjaldnast hugann að þeim. Mörgu sem við teljum okkur gera af fúsum og frjálsum vilja er stýrt á einhvern hátt af hefðum, og í raun er fátt sem við gerum sem ekki er hægt að tengja við hefðir af einhverju tagi. Samfélagið sem við búum í hefur verið byggt upp með ótal vísunum í hefðir og hugmyndir um þær sem hafa svo áhrif á sjálfsmynd og sérkenni þjóðarinnar og hópa innan hennar. Þær eru þó kannski einna sýnilegastar þegar eitthvað stendur til og þegar það verða einhverjar breytingar á daglegum venjum okkar. Nærtækasta dæmið um það eru hefðir tengdar stórhátíðum eins og þjóðhátíðardeginum, jólum eða áramótum. Þá leitumst við að endurtaka liðna atburði eða skapa nýja siði með tilvísun í eitthvað liðið sem skiptir okkur máli. Þannig vísum við í hefðir sífellt þegar við viljum skilgreina hver við erum og hvaða hópi við tilheyrum, oftast án þess að velta því sérstaklega fyrir okkur. Sem fjölskylda höldum við jólin á ákveðinn hátt. Við byrjum kannski að opna jólakortin áður en farið er í að opna jólapakkana eða borðum alltaf eftirrétinn á jólnum þegar búið er að opna gjafirnar. Aðrar fjölskyldur hafa annan hátt á og halda jafnvel ekki jól eða gefa ekki gjafir. Ólíkar hefðir eins og hér hafa verið nefndar notum við til að merkja hver tilheyrir hvaða hópi og hver tilheyrir honum ekki.

Hvað var til siðs að gera um jól

Ekki mátti spila á jólanótt, en algengt var að spila á jóladagskvöld, stundum langt fram á nótt, en þó sérstaklega á annan í jólum. Síðan hefur verið spilað aðra jóladaga, en sérstaklega lengi á nýársnótt og á þrettándanum. Helztu jólaspilin munu fyrrum hafa verið *alkort* og *púkk*, en á seinni hluta 19. aldar hafa komið til sögunnar *marías*, *vist* og *lomber*. Hættulegast var að spila alkort á jólanóttina. Yrðu illindi úr því, komu tveir tígulkóngar í spilin, og var annar fjandinn sjálfur.

(Árni Björnsson, 1963: 82-83)

Hvað er hefð?

Við notum hefðir til að sýna fram á tilvist hópsins, hvort sem hefðirnar eru eitthvað sem allir einstaklingar innan hópsins taka þátt í eða ekki. Þetta er gert til þess að skilja á milli þess sem að *við* gerum og *hinir* gera ekki... Hugtakið hópur er því notað um einstaklinga sem nota sameiginlegar hefðir sínar til þess að skilgreina sig sem afmarkaðan hóp og samtímis að greina sig frá öðrum hópum um leið og hefðirnar eru það sem sameinar hópinn í eina heild. Það er ætlast til þess að meðlimir hópsins þekki hefðirnar sem sameina hann og að þeir kunni að fara með þær á „réttan“ hátt. Ef einstaklingur hefur hug á því að verða hluti af nýjum hóp er nauðsynlegt fyrir hann að læra hvernig ætlast er til þess að hann hegði sér og þekki þær hefðir sem tilheyra hópnum... Við tilheyrum mörgum hópum og hverjum hóp fylgir ákveðið hlutverk. Sama manneskjan getur verið barn, maki, foreldri, vinnufélagi og vinur á sama tíma. Í hverju þessara hlutverka felst svo ákveðin sjálfsmynd, það er hvernig við viljum og teljum að aðrir sjái okkur.



(Cilia Marianne Úlfsdóttir, 2012: 2)

Þjóðfræði og hefð eru bundin órofa böndum og fagið er sem fræðigrein m.a. byggt upp í kringum rannsóknir á hefðum. Viðfangsefni þjóðfræðinga er m.a. að skoða og skilja hefðir í sinni víðustu mynd. Fatnaður, matur, sögur, verklag, leikir hátíðir og fleira er allt markað af hefðum og hefur verið viðfangsefni þjóðfræðinnar lengi. Í almennu tali um hefðir vísar hugtakið í hugmyndir um eitthvað gamalt og rótgróið, sem fluttst hefur á milli kynslóða. Að tala um að eitthvað sé hefð eða hefðbundið í daglegu máli vísar í að viðfangsefnið sem rætt er um á sér gamlar rætur og fastmótaða sögu í samfélaginu eða innan ákveðins hóps. Vissulega er mikið af hefðum sem falla undir þessa skilgreiningu en hefð fyrir þjóðfræðingi hefur mikið víðari og dýpri merkingu. Markmið kaflans er að skýra það nánar.

Hugtakið hefð felur í sér skilning á ferli eða efni sem er sameiginlegt innan samfélaga. Hefðir geta verið sameiginlegar og fluttst í gegnum kynslóðir en oftast eru hefðir fyrst og fremst eitthvað sem er sameiginlegt milli og meðal þeirra sem í samtímanum tilheyra samfélaginu. Hefðir eru því alltaf hluti af því samfélagi og þeim tíma sem þær lifa í. Hefðir hafa þó oftast en ekki skírskotun til fortíðar en geta rétt eins verið nýjar og nýtilkomnar; þær þurfa einfaldlega að tilheyra hópi fólks sem notar þær.

Matarhefð í minni fjölskyldu

Frá því ég man eftir mér hefur verið haft pasta með lambalærinu heima hjá mömmu. Ég held mjög lengi að allir gerðu þetta. En þetta byrjaði þegar mamma var lítil stelpa til að gera meira úr matnum því hún átti mjög stóra fjölskyldu, þær voru 7 systurnar.

Ég held að jólin komi ekki almennilega hjá ömmu fyrr en hún brúnar hvítkál. Ég vissi ekki að þetta væri ekki algengt fyrr en ég spurði mömmu um hvaða hefðir við fjölskyldan ættum.

Frá því að ég man eftir mér hefur verið bakað laufabrauð um jólin. Við sérpöntum alltaf deigið í kökurnar eftir uppskrift sem langamma bakaði eftir. Það sem er kannski sérstakt fyrir mína fjölskyldu er að við setjum hvítlauk í laufabrauðið. Þetta er eðalgott með smjöri eða uppstúf og hangikjöti.

(Andrea Ösp Andradóttir, 2013)

Siðir Víetnama

[...] Þá komum við að stærstu þjóðhátíð Víetnama, aðalfjölskylduhátíðinni sem allir viðmælendur mínir minntust á með glampa í augunum, ekki síst þegar þeir lýstu matnum og eldamennskunni „hennar ömmu“. *Tet* er nýárshátíð Víetnama, hátíð sem tengir fortíðina við framtíðina. Hjá flestum stendur *Tet* í þrjá daga, en hún hefst aldrei á sama degi frá ári til árs vegna þess að Víetnamar reikna tímann samkvæmt tunglmánuðum, sem eru milli 29 og 30 dagar að lengd.

Á *Tet* – hátíðinni (sem líkja má við jól á Íslandi) nota menn tækifærið til þess að heimsækja vini og ættingja og óska þeim alls hins besta, sérstaklega varðandi viðskipti, heilsu og velgengni barnanna í skóla. Miðpunktur hátíðarinnar er þegar stórfjölskyldan safnast saman í heimahúsi þar sem stofan er skreytt með tré eða stóru blómi, til dæmis apríkósuplöntu eða bambustré (*Cây Nêu*). Litið er á jurtina sem verndargrip gegn illum vættum. Ungmenni sem ekki hafa fest ráð sitt fá gjafir, oftast pening í rauðum umslögum og eru þeir notaðir til þess að kaupa föt eða leikföng. Þá eru líka borðaðar sérstakar klístraðar hrísgrjónakökur (*Banh Chung*), karlmenn og stundum konur og börn spila á spil og veðja, og eldra fólk tekur stundum þátt í orðaleikjum.

(Terry Gunnell, 2003: 94-100)

Tilgangur og virkni hefða

Hefðir geta verið gamlar eða nýjar. Þær geta verið sameiginlegar með stórum hópi, jafnvel heilli þjóð eða heimsálfu eða verið smáar og tilheyrt litlum hópi, vinum eða fjölskyldu. Það skiptir í raun ekki máli hver stærð hópsins er, hefðirnar þurfa bara að hafa þýðingu fyrir honum til þess að þær lifi áfram með hópnum.

Það að tilheyra hópi felur oft m.a. í sér ákveðna hegðun og sjálfsmynd, þ.e. þegar fólk tilheyrir hópi hagar það sér á ákveðinn hátt. Það taka kannski ekki allir þátt í hefðunum sem tilheyra hópnum en það þekkja allir til þeirra. Hvaða máli skiptir til að mynda fyrir framhaldsskólanema að viðhalda þeim hefðum sem tilheyra hans skóla eða þeim hefðum sem eru sameiginlegar með öllum skólunum? Með því að þekkja til hefðanna og vera þátttakandi í þeim skapast ákveðin mynd af því hvað það er að vera framhaldsskólanemi.

Hefðir þurfa að hafa virkni í samfélaginu sem þær eru hluti af en þegar virkni þeirra og tilgangur hættir vegna breyttra áherslna í samfélaginu breytast hefðirnar einnig eða hverfa og falla í gleysku. Á þann hátt hverfa eða breytast hefðir og nýjar myndast. Ef hefð er endurvakin seinna breytist virkni hennar og eiginleiki. Hugsuðu um hefð sem hefur verið endurvakin og hvernig tilgangur hennar um leið breyttist. Hefð sem er endurvakin er þó ekkert síðri en sú sem hefur samfelli í samfélaginu, því tenging við fortíðina er alltaf fyrst og fremst táknræn og til að gefa hefðinni aukið vægi og gildi fyrir hópinn sem hún tilheyrir.

Hlutverk hefða er m.a. að tengja saman hópa, bæði í fortíð og nútíð. Við tengjumst samtímafólki okkar með sameiginlegum hefðum en við tengjumst um leið þeim sem voru í sömu sporum áður. Það að baka sandköku með tólf eggjum eins og afi gerði alltaf fyrir jólin eða taka þátt í busavígslu eins og aðrir nýnemar í skólanum hafa þurft að gera er hluti af því að tengja sig ákveðnum hópi og styrkja böndin sem bindur hópinn saman og um leið tengja sig við fortíðina. Fjölskylduhefðir styrkja fjölskylduböndin og um leið tenginguna við þá sem eru fjarri eða fallnir eru frá. Með því að baka kökuna hans afa vakna upp minningar og tengsl við fortíðina þegar hann sjálfur sá um verkið.

Um skólasiði á miðöldum

Ýmislegt var gert nýsveinum til háðungar, t.d. var hann látinn standa ber með bók á óæðri endanum. Heimildir eru, af skiljanlegum ástæðum, afar fáar um þessar athafnir. Hver skóli hafði sína vígslusiði og voru afbrigðin því afar mörg. Nútímamönnum þætti margir vígslusiðir miðalda-manna í grófara lagi. Meðal annarra má nefna þann sið að klæða nýsveininn úr öllum fötunum, þvo honum harkalega og láta hann játa syndir sínar. Minnr þetta á skoðunarsíði í Bessastaðaskóla. Í Aix í Frakklandi sló vígslustjórinn og síðan hver gestur þrjú högg á afturenda nýsveinsins.

(Guðlaugur R. Guðmundsson, 2000: 252)

Busavígslur

Við getum sagt að það sé hefð sem hefur verið við lýði afar lengi að vígja nýja einstaklinga inn í hóp. Með því að gangast undir busavígslu er nemandinn að merkja sig skólanum og samsama sig öðrum nemendum. Allir hafa þeir þurft að ganga í gegnum sömu þolraun og eiga því eitthvað sameiginlegt til að byggja á. Þessa sameiginlegu reynslu er hægt að rekja til fortíðar og með því hægt á vissan hátt að tengjast öllum nýnemum sem gengið hafa í skólann. Stækka má hópinn enn frekar og segja að þessi hefð sameini alla þá sem gengið hafa í framhaldsskóla fyrr og nú. Jafnvel er hægt að stækka hópinn enn frekar og segja að vígslur eins og busavígslur tengi saman á ákveðinn hátt alla þá sem eru nýir í einhverjum hóp og þurfa að ganga í gegnum einhverja athöfn áður en viðkomandi verður fullgildur meðlimur hópsins. Athafnir sem þessar eru oft mjög ólíkar innbyrðis og taka breytingum í takt við tíðaranda hverju sinni, en eiga þó oft ýmislegt sameiginlegt þegar að er gáð.

Eins og bent var á eru þessar athafnir ekki alltaf allar eins og hafa ekki alltaf verið eins. Hefðir eru sífellt að breytast og aðlagast samfélaginu í kringum sig. Busavígslur dagsins í dag eru því gjörólíkar þeim sem voru fyrir 200 árum en þráðurinn sem tengir þær saman er til staðar, upplifunin og hugmyndin um að tilheyra hópi. Meðan það er tilgangur eða virkni í hefðinni hver svo sem hann er, viðhelst hefðin í einhverri mynd.

Umræða

Getið þið nefnt aðrar slíkar vígslur en busun og greint hvað þær eiga sameiginlegt? Hvað með t.d. skírn og fermingu? Inn í hvaða hóp er verið að taka einstaklinga þegar þeir eru skírðir og fermdir?

ÍSí segir forsvarsmenn sérsambanda þvertaka fyrir að ofbeldisfull busun nýliða tókist innan íþróttafélaga:

ÍSí fordæmir ofbeldisfullar busavígslur

SAMFÉLAGSMÁL. „Við munum klárlega senda þá áskorun til okkar sérsambanda að við fordæmum alla slíka hegðun í ljósi þessarar umræðu,“ segir Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttasambands Íslands (ÍSí). „Svona á ekki að eiga sér stað.“

Ómar Ragnarsson greindi frá því á bloggsíðu sinni um helgina að busanir nýliða innan íþróttahreyfinga landsins verði oft svo ofbeldisfullar að mennirnir sem fyrir þeim verða geti vart setið eða gengið á eftir, meðal annars eftir að hafa

verið hýddir í sturtu. Líney segir fregnirnar hafa komið sér í opna skjöldu og lét sviðsstjóra innan sambandsins, Viðar Sigurjónsson, því kanna málið. Viðar hafði samband við sérsambönd ÍSí og segist ekkert hafa heyrt sem rími við frásögn Ómars.

„Ég hef talað við forystumenn sambandanna og þeir kannast ekki við þessi mál með þeim hætti sem Ómar lýsir,“ segir hann. „En það breytir því ekki að við hjá forystusveit hreyfingarinnar tökum allt svona alvarlega. Við munum senda

út ábendingar til okkar sambandsaðila um að skoða þessi mál innan sinna raða til að vera viss um að svona tókist ekki.“

Viðar segir sömu þróun hafa orðið innan íþróttahreyfinga varðandi nýliðavígslur og hjá framhaldsskólum. Nýliðar í landsliðum séu nú til dags látnir flytja ræður, syngja lög eða bera töskur. Ofbeldi eins og hýðingar tókist ekki.

„Val á hugtökum í bloggi Ómars á ekkert skýlt við það sem á sér stað innan hreyfingarinnar,“ segir Viðar.



KOM FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÓVART Umfjöllun um ofbeldisfullar busavígslur innan íþróttahreyfinga kom framkvæmdastjóra ÍSí verulega á óvart.

Nýnemar ekki beittir neinu harðræði

Vinaleg busavígsla í Tækniskólanum

„Þetta myndi ég segja að væri framtíðin. Að vígsluathafnir inn í framhaldsskóla breytist úr niðurlægjandi innvígslu yfir í vinalegt handtak,“ segir Jón Jósef Snæbjörnsson, félagsmálafrömuður Tækniskólans, en skólinn bauð í gær nýnema skólans velkomna til starfa. Nýnemavígslan var býsna frábrugðin því sem þekktist í öðrum framhaldsskólum enda svívirðingar og valdniðsla fjarri góðu gamni.

„Í stað þess að við séum að láta fólk þamba mysu og drattast í gegnum drullupytt þá aðgreindum við eldri nemendur frá yngri nemendum. Eldri nemendur voru allir klæddir í svarta bolí og að stuttu ræðuhöldum loknum voru yngri nemendum afhentir svartir bolir. Við notum þetta sem sameiningarhátíð.“ Þá voru Veðurguðirnir fengnir til að leika á hátíðinni til að gera þessi tímamót enn eftirminnilegri.

Busavígslan deyjandi hugtak

Jónsi segir að hinar hefðbundnu busavígslur séu þess eðlis að þær fari gjarnan úr böndunum. „Busavígsla er deyjandi hugtak. Það er búíð að fara svo oft úrskæiðis að



Allir vinir Það fór ekki mikið fyrir svívirðingum í garð nýnema.

við þurfum að fara að hugsa þetta öðruvísi.“

Honum er enn minnisstæð sín eigin busavígsla en hún gekk ekki eins og best væri á kosið. „Hún var bara af hefðbundnara taginu í Menntaskólanum á Akureyri og ég minnst þess enn að bæði í minni busavígslu og þegar ég var að taka þátt í busun, þá slasaðist fólk.“

viggo@24stundir.is



Morgunblaðið/Þjörn Blöndal

Niðurlægðir

Frá árlegri busavígslu í Fjölbautaskóla Suðurnesja, busunum hefur verið safnað saman fyrir utan skólann þar sem þeir máttu setta sig við ýmsa niðurlægingu af hálfu „aðalsins“.

- BB

Hert á húsaga í FS

Keflavík.

NEMENDUR Fjölbautaskóla Suðurnesja héldu sína árlegu busavígslu á föstudaginn en í haust hófu liðlega 200 nýnemar nám við skólann.

Að sögn Hjálmars Árnasonar skólameistara verða um 700 nemendur á haustönn sem er metþátttaka og væri skólinn fullsetinn. Sú ákvörðun hefði verið tekin að herða nokkuð húsaga og í haust hefði 30–40 nemendum verið synjað um skólasetu vegna lélegrar ástundunar, en þeir hefðu verið búnir að fá gula spjaldið áður.

Hjálmar sagði að 50 kennarar myndu kenna við skólann í vetur sem yrði rekinn með svipuðu sniði og á undanföllum árum. Nú færi öll kennsla fram undir sama þakinu og hefði hin nýja viðbygging sem tekin var í notkun á síðasta hausti gerbreytt allri aðstöðu í skólalaginu.

Frásögn úr Skálholtsskóla

Þá skólinn var settur á hausti, var venja að einn af skólapiltunum skyldi lesa skóla-forordninguna; var mér nú til sagt það. Hafði þó skólameistari ýmis brögð og hrekki til þess, ég skyldi stranda og ei komast út með hana. En ég kófsvitnaði af illsku, sem yfirbugaði alla feimni og hræðslu, svo lesturinn komst af.

(Jón Steingrímsson, 1970: 69)

Jón Steingrímsson fæddist árið 1728 og dó 1791 og var kannski þekktastur sem eldklerkurinn eða eldpresturinn, fyrir eldmessu sem hann hélt 20. júní 1783 þegar Skaftáreldar geisðu. Í þessari frásögn er Jón að lýsa þeim sið að láta skólapilta í Skálholti lesa upp fyrir aðra í skólanum en skólameistarinn sjálfur reyndi um leið að fípa þann nemandann sem las og skemmta hinum sem viðstaddir voru.

Hefðir þurfa þó ekki að vera áþreifanlegar eða hluti af einhverri athöfn. Það sem þær framkalla snertir við einhverju innra með okkur, kallar fram minningar og tilfinningar. Þær eru hluti af okkur sjálfum og hvernig við skilgreinum hver við erum og hver við erum ekki.

Margar þjóðfræðirannsóknir hafa verið unnar í gegnum tíðina um hefðir og reynt með þeim að varpa skýrara ljósi á virkni og tilgang hefða í ólíkum samfélögum. Þjóðfræðingarnir Handler og Linnekin stunduðu t.d. rannsóknir í Quebec í Kanada og á Hawaii. Með rannsóknum sínum komust þau að því að hefðir eru ekki bundnar af neinum einum þætti, þ.e. ekkert er sameiginlegt með öllum hefðum. Þó virðast hefðir hafa tilhneigingu til að tengja sig á einn eða annan hátt fortíðinni, hvort sem það er með endurtekningu á hefðinni í gegnum tíma eða á táknrænan hátt þegar nýjar hefðir verða til.

Allt sem við gerum er bundið af þeirri stund sem við gerum það, einnig hefðir. Þær tilheyra því alltaf samtímanum en ekki fortíðinni, og sú tilvísun til fortíðar sem oft má finna í þeim er fyrst og fremst táknræn tenging en ekki náttúruleg. Hefð er sífelld endursköpun á því sem áður hefur verið gert, en aldrei er hægt að gera það sama aftur alveg eins. Orð gríska heimspekingsins Heraclitusar eiga hér kannski vel við: „Þú getur aldrei stigið út í sömu ána tvisvar, því straumurinn sér til þess að það sé alltaf nýtt vatn sem tekur við af því gamla.“

Við megum ekki gleyma því að hefðir eru manngerðar en ekki náttúruleg fyrirbrigði; það erum við manneskjurnar sem búum þær til og viðhöldum þeim í samfélagi okkar. *Getum við komist af án hefða?*

FRÓÐLEIKUR

Þáskaegginn heidinn síður

Eggid er heidið frjósemsitákn sem táknar endurfæðingu jarðarinnar að vori. Skreytt egg hafa verið notuð við frjósemsithafnir og vortagnaði frá aldaöldi og forsvarsmenn frumkristinnar gripu þann síð á lofti og ákváðu að eggid skyldi táknna upprisu Jesú Krists.

Upphaflega voru notuð hænuegg við hátíðahöldin og þau máluð og skreytt á ýmsa lund. Sá síður er enn við lýði í mörgum löndum, en vestrænu súkkladieggin eða pappægg fyllt af góðgæti eru þó óðum að ryðja þeirri hefð úr vegi.




Ítalski baráttumaðurinn Antonio Gramsci (1891-1937) horfði á þjóðfræðiefni (þar á meðal hefðir) sem valdataeki ríkjandi stétta til að viðhalda kerfum samfélagsins og um leið þeim ójöfnuði sem er innan þess. Þeir sem réðu og stjórnðu í samfélögum, bæði formlega og óformlega, notuðu hefðir til að viðhalda valdi sínu. Sem dæmi um ójöfnuð áður fyrr mætti nefna að sum störf voru sérstök karla- eða kvennastörf og ætlast til að rétt kyn innti þau af hendi. Karlar voru embættismenn en konur sáu um að mjólka kýr og kindur og taka á móti börnum. Annað dæmi væri sætaskipan í kirkjum landsins þar sem þeir háttsettu í samfélaginu fengu að sitja fremst en þeir lægst settu aftast. Þetta voru ekki lög í landinu, heldur aðeins óskrifðar reglur samfélagsins; eitthvað sem alltaf hafði verið með þessum hætti og þótti ekki rétt að breyta vegna þeirrar hefðar sem fyrirkomulagið hafði skapað sér innan samfélagsins. Hefðirnar höfðu þannig áhrif á hvað fólk tók sér fyrir hendur og gerir það enn í dag.

Hefðir og hjátrú

Gamalgróin hefð er fyrir því að brúðurin klæðist hvítum kjól á brúðkaupsdaginn. Hvítur litur táknar hreinleika og hamingju og hafa margir einnig tengt hvíta litinn við meydóm. Í fornöld var hins vegar mjög dýrt að bleikja efni og því var hvítur kjóll tákn um auð.

Brúðarslörið sem stúlkan bar á höfði sér átti að fela brúðina fyrir illum öndum. Nú eiga áldósinar sem bundnar eru aftan á farartæki brúðhjónanna einnig að fæla burtu illa anda og tryggja hamingjusamt hjónaband. Sú hefð að kasta yfir brúðhjónin hrísgrjónum eða



Hvítur litur brúðarkjólins var tákn um auð í fornöld.

konfetti og að strá rósa blöðum á kirkjugólf á að tryggja frjósemi þeirra.

Umraða

Þetta ykkur í hug einhverjar hefðir í samfélaginu í dag sem gætu stutt skoðanir Gramsci? Eru einhverjar hefðir sem mismuna fólki í nútímanum á Íslandi eða öðrum löndum sem þið þekkið?

Umræður

- A). Hvað einkennir hefðir og hver er tilgangur þeirra? Hafa allar hefðir tilgang?
- B). Hver er ykkar upplifun af hefðum almennt? Hvað finnst ykkur um hefðir og hvað haldið þið að hafi mótað þessar skoðanir ykkar?
- C). Hvaða hefðum á að halda og hverjum mætti sleppa?
- D). Hver er tilgangurinn með óskrifuðum reglum eins og þeim sem liggja að baki hefðum og hvernig eru þær frábrugðnar öðrum reglum?
- E). Skoðið þær hefðir sem nefndar eru í kaflanum (t.d. busun, páskasiði, hjátrú tengda brúðkaupum og fleira). Hvað segja þessar hefðir um íslenska samfélagið?
- F). eru hefðir góðar eða slæmar fyrir samfélög og hópa? Rökstyðjið skoðanir ykkar
- G). Skoðið tilvitnun í grein Terry Gunnell á bls. 15 um síði Víetnama. Hvaða ályktanir getum við dregið af þessari tilvitnun? Hvað er líkt með þessum síðum sem nefndir eru í tilvitnunni og því sem þið sjálf þekkið til?

Verkefni

A). Hefðirnar ykkar

Skrifið niður allar þær hefðir og síði sem þið hafið tekið þátt í með einhverjum hætti í dag. Munið að hefðir eru ekki bara stórar hátíðir eða uppákomur, hefðir eru líka smávægileg atriði eins og hvað þið borðið í morgunmat.

B). Söfnun og greining á hefðum

Farið í hlutverk þjóðfræðingsins og kannið hefðir úr ykkar eigin umhverfi. Skrifið upp viðburði, athafnir, staði og allt hvaðeina úr ykkar daglega lífi þar sem þið teljið ykkur geta fundið hefðir. Veljið ykkur viðfangsefni og finnið heimildarmenn og aðrar heimildir sem nýtist ykkur til að skoða og finna hefðirnar ykkar.

-Skrifið niður lýsingu (takið upp á videó-frásögn) á þessum hefðum.

-Skráið hverjir eiga hlutdeild í þessari hefð.

-Ræðið hvort þið eða aðrir þekki til svipaðrar eða alveg eins hefðar. Ef einhver er með alveg eins hefð er hann þá hluti af ykkar hefð?

-Ef verkefnið er unnið í samstarfi við aðra veljið þá sameiginlegt viðfang (t.d. Jól, páska eða aðrar hátíðir) og safnið hefðum frá öllum úr hópnum og berið saman. Hvað er líkt, hvað er ólíkt, hver er tilgangur hefðarinnar? Voru sömu hefðir öðruvísi á tímum foreldra ykkar?

C) Birtingarmynd hefða í sjónvarpsþáttum.

-Skoðið sjónvarpsþætti, til dæmis *Modern Family*, *New Girl*, *Friends*, *The Big Bang Theory*, *How I Met Your Mother* eða *Glee*. Í öllum þessum þáttum sem framleiddir eru í Bandaríkjunum og hafa verið sýndir í íslensku sjónvarpi getum við séð hefðir tengdar hátíðum. Hvaða hefðir er hægt að sjá í þáttunum? eru þær eins milli þátta eða hefur hver þáttur sínar hefðir. Berið saman hvað er líkt og ólíkt

þegar kemur að hefðum í þessum þáttum. Auðvelt er að fletta upp á netinu myndbrotum úr þessum þáttum og hægt að slá inn leitarorð tengt hátíðum og eða hefðum.

- Takið fyrir eina af þessum þáttarröðum og skoðið óskrifaðar reglur sem birtast í þáttunum og nefnið dæmi um þegar þær eru brotnar, hver eru viðbrögðin og hverjar eru afleiðingarnar, fara allir eftir sömu reglum í þáttunum.

D). Hefðir skólans

-Safnið saman hefðum sem tilheyra ykkar skóla, takið viðtöl við gamla nemendur og kennara sem starfað hafa lengi við skólann og spyrjið út í hefðir og siði tengda skólanum ykkar.

-Hafa orðið einhverjar breytingar á hefðum skólans? Eru allar hefðirnar opinberar, eru einhverjar hefðir sem hafa verið bannaðar af skólayfirvöldum? Hver er ástæðan og hvert er viðhorf nemenda til slíkra banna?

-Hvað gerðist þegar þessir siðir voru bannaðir?

-Safnið hefðum úr öðrum skóla og berið saman við hefðir úr ykkar skóla, hvað er líkt og hvað er ólíkt ?

Heimildir sem vitnað er beint til í kaflanum:

Andrea Ösp Andradóttir. (2013). *Efni safnað af höfundu*. Óbirt

Árni Björnsson. (1963). *Jól á Íslandi*. Reykjavík: Ísafoldarverksmiðja.

Cilia Marianne Úlfadóttir. (2012). Hvað er hefð?. Í *Þjóðarspeggill 2012: Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Sótt á : <http://hdl.handle.net/1946/13321>

Gunnell, Terry. (2003). Vatnið og uppsprettan: Þjóðtrú og þjóðsiðir víetnamskra innflytjenda í Reykjavík. *Skírnir: Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, 170, 89-108.

Guðlaugur R. Guðmundsson. (2000). *Skólalíf: Starf og siður í latínuskólaunum á Íslandi 1552-1846*. Reykjavík: Iðnú.

Handler, Richard og Jocelyn Linnekin. (1984). Tradition, Genuine or Spurious. *Journal of American Folklore*, 97(385), 27-290.

Hefðir og hjátrú. (2010, 17. feb.). *Fréttablaðið*, 22. Sótt 07.09.14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=323585&pageId=5071749&lang=is&q=hef%F0

Hert á Húsaga í FS. (1993, 16. sept). *Morgunblaðið*, 19. Sótt 07.09.14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=125815&pageId=1792149&lang=is&q=Hert%20%E1%20%ED%20FS%20%E1%20%ED

ÍSí fordæmir ofbeldisfullar busavíglur (2012, 13. júlí). *Fréttablaðið*, 8. Sótt 07.09.14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359393&pageId=5771069&lang=is&q=%CDS%CD%20ford%E6mir%20ofbeldisfullar%20busav%EDgslur

Jón Steingrímsson. (1970). *Æfisagan og önnur rit*. Kristján Albertsson gaf út. Reykjavík: Helgafell

Páskaegginn heiðinn siður. (2011, 16. apríl). *Fréttablaðið*, 77. Sótt 07.09. 14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=328421&pageId=5151358&lang=is&q=si%F0ur

Vinaleg busavígsla í Tækniskólanum. (2008, 10. sept). *24 Stundir*, 30. Sótt 07.09.14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=259338&pageId=3634052&lang=is&q=Vinaleg%20busav%EDgsla%20%ED%20T%E6knisk%F3lanum%20%ED

Heimildir sem kaflinn byggir á

Anttonen, Pertti. J. (2005). *Tradition through Modernity: Postmodernism and the Nation-State in Folklore Scholarship*. Helsinki: Finnish Literature Society.

Ben-Amos, Dan. (1984). The Seven Strands of Tradition: Varieties in Its Meaning in American Folklore Studies. *Journal of Folklore Research*, 21(2-3), 97-131.

Dundes, Alan. (1969). The Devolutionary Premise in Folklore Theory. *Journal of the Folklore Institute*, 6, 5-19.

Dundes, Alan. (1989). *Folklore Matters*. Knoxville: The University of Tennessee Press.

Georges, Robert. A., og Jones, Michael. O. (1995). *Folkloristics: An Introduction*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.

Giddens, Anthony. (1999). *Runaway World How Globalisation is Reshaping our Lives*. London : Profile Books.

Glassie, Henry (2003). Tradition. Í Burt Feintuch (ritstj.), *Eight Words for the Study of Expressive Culture* (176-197). Urbana: University of Illinois Press.

Gramsci, Antonio. (2009). Menntamenn. Í *Ritið 9*, 141-153 (Steinar Örn Atlason þýddi). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hall, Stuart. (1996). Introduction : Who needs 'Identity' ?. Í Stuart Hall og Paul du Gay (ritstj.), *Questions of Cultural Identity* (1-17). London, Thousand Oaks, New Delhi: Sage Publications.

Hobsbaum, Eric. (1983). Introduction: Inventing Traditions. Í Eric Hobsbaum og Terence Ranger (ritstj.), *Inventing Tradition* (1-14). Cambridge: Cambridge University Press.

Jón Steingrímsson. (1970). *Æfisagan og önnur rit*. Kristján Albertsson gaf út. Reykjavík: Helgafell

Lacan, Jacques. (1977). The Mirror Stage ad Formative of the Function of the I as Revealed in Psychoanalytic Experience. Í *Écrits: A Selection* (3-9, Alan Sheridan þýddi). New York, London: W. W. Norton & Company.

Noyes, Dorothy (2003). Group. Í Burt Feintuch (ritstj.), *Eight Words for the Study of Expressive Culture*. (7-41). Urbana : University of Illinois Press

Noyes, Dorothy. (2009). Tradition: Three Traditions. *Journal of Folklore Research*, 46(3), 233-268.

Oring, Elliott (2012). *Just Folklore: Analysis, Interpretation, Critique*. Los Angeles, California: Cantilever Press.

Sims, Martha C. (2005). *Living Folklore : An Introduction to the Study of People and their Traditions*. Logan, Utah: Utah State University Press.

vaz da Silva, Francisco. (2012). Tradition Without End. Í Regina Bendix og Galit Hasan-Rokem (ritstj.), *A Companion to Folklore* (40-54). London: Blackwell.

Vefslóðir:

Símaauglýsing bls. 13 <http://youtu.be/jSalwSu8PTk>

Hvað er hefð bls. 14 <http://vimeo.com/18721014>

Ég og efnisheimurinn

Allt í kringum okkur eru hlutir sem allir hafa einhvern tilgang í okkar augum, hvort sem það eru fötin okkar, síminn, tölvan, sófinn eða sjónvarpið, gangstéttar eða ljósastaurar. Allir þessir hlutir eru um leið þjóðfræðiefni, því allt er þetta hluti af tilveru okkar. Allir eru þessir hlutir gerðir af mönnum með ákveðinn tilgang í huga, hvort sem hann er fagurfræðilegur, hagkvæmur eða hvoru tveggja. Hvað þeir merkja fyrir okkur getur verið mismunandi bæði eftir tíma og samhengi. Í þessum kafla er ætlunin að skoða efnismenningu, það er að segja þjóðfræði hlutanna í umhverfi okkar og hvernig þeir hafa áhrif á hegðun okkar og samfélag og hvernig við sjáum okkur sjálf og aðra.

Material culture

Material culture is culture made material; it is the inner wit at work in the world. Beginning necessarily with things, but not ending with them, the study of material culture uses objects to approach human thoughts and action [...] Material culture is as true to the mind, as dear to the heart, as language, and what is more, it reports thought and actions that resist verbal formulation.

(Glassie, 1999: 41 og 46)

Efnismenning

Efnismenning er hlutgerð menning; þar eru innri vitsmunir heimsins að verki. Hún byrjar óhjákvæmilega með hlutum, en þar með er ekki sagt að hún endi með þeim, rannsóknir á efnismenningu nota hluti til að henda reiður á hugsun manna og athöfnum [...] Efnismenning er raunveruleg í huga okkar, skiptir jafn miklu máli og tungumálið, og það sem meira er festir hendur á hugsunum og athöfnum sem orð ná ekki að forma.

(þýðing höfundar)

Það eru þó ekki eingöngu manngerðir hlutir sem flokkast undir efnismenningu, heldur er hugtakið aðeins flóknara en það. Mannlíkaminn sjálfur og hvernig við umgöngumst hann er einnig hluti af efnismenningu og það fyrsta sem við ætlum að skoða í þessum kafla. Þegar allt kemur til alls er líkaminn sjálfur miklu meira en líffærin sem byggja hann. Hann hefur gildi og útlit sem er mótað og lagað til að viðhorfum hvers samfélags fyrir sig. Það er til að mynda gert með klæðnaði, hreyfingu og mataræði og er breytilegt eftir tíðaranda hvað telst viðeigandi/ eðlilegt útlit líkama. Líkaminn miðlar á þann hátt menningu hvers samfélags í gegnum það hvernig daglegum venjum okkar í tengslum við hann er háttáð hverju sinni.

Hár og hárvöxtur er gott dæmi um hvernig ásýnd líkamans hefur breyst eftir tíðaranda og tísku. Hér skiptir einnig máli hvort um ræðir kven- eða karllíkama. Hárin sem vaxa á líkama okkar eru annað hvort velkomin þar eða óvelkomin. Margar konur vilja vera með löng og þétt augnhár en hárin sem mynda augabrúnir eiga aftur á móti ekki að vera of mörg eða löng. Eftir bringuhárunum hefur margur pilturinn beðið með óþreyju en hrýs aftur á móti hugur við hárum á baki eða öxlum.

Umraða

Hvað veldur því að hárvöxtur skiptir okkur svona miklu máli? Er eitthvað annað tengt útliti mismunandi eftir kynjum? Er eitthvað sjálfsagt í þessum málum í dag sem ekki var það þegar foreldar ykkar voru unglingar, eða öfugt? Er eitthvað tengt viðhorfum til útlits hjá kynslóðinni á undan ykkur sem ekki þykir smekklegt í dag?

Kyingervi er orð sem gæti hjálpað okkur að skilja þessa ólíku nálgun til hárvaxtar. Kyingervi er í raun sá rammi sem samfélagið setur utan um hvort kynið fyrir sig; hvað það þýðir að vera kvenmaður og hvað það þýðir að vera karlmaður. Það er ætlast til að kynin hagi sér í samræmi við þessa ramma sem þeim eru settir, eða eins og franska fræðikonan Simone de Beauvoir sagði: „Maður fæðist ekki kona, heldur verður kona.” Það sem hún átti við er að samfélagið mótar okkur ólíkt eftir því hvort við fæðumst kvenkyns eða karlkyns. Sjálfsmynd okkar, sú hugmynd sem við sem einstaklingar eða hópur höfum um okkur sjálf, mótast svo oft af hugmyndum um hvað er kvenlegt og hvað karlmannlegt. Rammar kyingervis hafa þó ekki alltaf verið eins og þeir eru í dag og það sem þykir karlmannlegt á einum tíma er ekki víst að flokkist þannig á öðrum. Í dag er ekkert athugavert við að konur klippi hár sitt stutt eða karlmenn snyrti hár sitt. Það hefur ekki alltaf verið



Fallega skreyttir líkamar

Þó að húðflúr eigi einungis að skreyta líkamann geta þau sent út margskonar skilaboð. Hinn húðflúraði einstaklingur reynir þá oft að sýna eitthvað persónulegt í skreytingum sínum. Til dæmis í hvaða stjörnu-merki viðkomandi er eða upphafsstafina í eigin nafni eða í nafni einhvers sem honum þykir vænt um. Einnig eru vinsæl húðflúr sem sýna hvaða hópi einstaklingurinn tilheyrir, til dæmis upplýsingar um trú eða félagslið sem einstaklingurinn heldur upp á. Einnig er hægt að nota húðflúr til þess að marka tímamót í lífi fólks, að fólk marki dauða í fjölskyldunni eða afmælisdaga með því að fá sér húðflúr.

(Jóhanna Árnadóttir, 2009: 22)

Við notum líkamann á fjölbreyttari hátt en eingöngu til að sýna kyn okkar. Líkamsrækt er til að mynda oft merki um hreysti og heilbrigði þó það sé ekki alltaf raunin. Tattú er annað dæmi um hvernig við notum líkamann til að merkja okkur ákveðinni ímynd og hóp sem við tilheyrum. Fyrr á öldum tilheyrðu þeir sem báru húðflúr að öllu jöfnu jaðarhópum samfélagsins. Í dag er það miklu breiðari hópur sem ber húðflúr og af ólíkum ástæðum. Gaman er því að velta fyrir sér hvað fær fólk til að fá sér tattú? Hvað er það við tattú sem fær fólk til að taka þessa ákvörðun sem oftast fylgir þeim út lífið?

Hákarlinn sem át Stínu

Ég heyrði eitt sinn sögu af manni sem lenti í smá vandræðum með tattú sem hann bar. Á hans yngri árum hafði hann látið tattúvera á sig nafn kærustunnar, henni Stínu, á upphandlegginn. Það samband entist aftur á móti ekki eins vel og tattúíð og þegar hann kynnist konunni sinni var mjög vandræðalegt að bera þetta tattú. Hann brá því á það ráð að láta tattúvera mynd af hákarli yfir nafnið svo það sæist ekki lengur og sagði að þetta væri hákarlinn sem hefði étið hana Stínu.

(Úr safni höfundar)

Líkaminn er efnisgerður á fjölmargan hátt, og hlut- og tákngerður í samfélagi okkar sem gerir hann að hluta af efnisheiminum. Nú þegar er búið að nefna það í tengslum við kyngervi, hárvöxt og húðflúr. Þar sem þjóðfræðinni er ekkert óviðkomandi í daglegu lífi fólks hversu smátt og sjálfsagt það er í huga okkar er hreinlæti og hreinlætisvenjur eitt af því sem hægt er að skoða út frá þjóðfræðilegri nálgun. Það hefur verið mjög mismunandi eftir tímum hvað hefur þótt í lagi og hvað ekki í tengslum við hreinlæti. Að bora í nefið eða snýta sér í borðdúka þótti eitt sinn ekki tiltökumál en hvorugt telst góðir mannsiðir í dag. Sjampó, svitalyktareyðir, ilmvötn, rakvélar, baðkór og klósett eru svo allt efnislegir hlutir sem tengjast hreinlæti og hreinlætisvenjum. Rétt eins og með kyngervið þá er hreinlæti og hreinlætisvenjur ein leið sem hægt er að nota til að flokka fólk niður og aðgreina það. Á 17.-19. öld voru það fyrst og fremst aðallinn og efri stéttirnar í Evrópu sem mótuðu hreinlætisvenjur. Þeir aðgreindu sig á þann hátt frá almúganum sem átti erfiðara um vik að vera vel lyktandi og hreinn alla daga vegna peningaskorts og atvinnu sinnar. Litið var upp til þeirra sem voru í þessum efri lögum samfélagsins og auðvelt var að sjá á útgangi fólks hvar í þjóðfélagsstiganum það stóð. En það er ekki eingöngu stéttarskipting sem birtist í ólíkum þrifnaðarháttum. Skilgreining á því hvað séu óhreinindi er líka tengd við viðhorf til innra hreinlætis. Halldór Laxness kemur inn á það í grein sinni sem vitnað er í hér fyrir neðan, þar sem hann vefengir siðmenningu heillar þjóðar því ekki sé salernisaðstaða í hverju húsi. Við eigum að vera hrein og lykta vel til að sýna að við séum siðmenntuð.

Um þrifnað á Íslandi: Alþýðubókin

Einhver mesta andstyggð sem ég hef nokkurstaðar orðið var við í landi sem á að hánaga í því að heita siðað, er útbúnaður íslenskra salerna og frágangur þeirra. Jafnvel í illræmdustu fátækrahverfum Suður-evrópu þekktist ekki annað eins. Það er ennfremur algeingt í íslenskum sveitum að ekkert sé til á bænum í líkingu við salerni, jafnvel á betri bæum sem svo eiga að heita og embættismannasetrum. Mér er mjög um skap að gerast fjölorður um andstyggð af þessu tagi, sem bæði er þjóðarskömm og alsherjarviðbjóður í senn, en einhver verður að tala. Salernislaust heimili er brennimerkt einsog þjófabæli í augum siðaðra manna, og óvönduð salerni eru einhver hroðalegasti viðbjóður sem til er.

(Halldór Laxness, 1955:74-75)

Umræða

Allt eru þetta þó aðeins óskrifaðar reglur sem eru mismunandi eftir samfélögum og hópum. Hvað telst til dæmis í raun og veru vera vond lykt? Er það ekki eitthvað sem við lærum í uppeldi okkar?





Fatnaður er stór hluti af menningu okkar og eitthvað sem hefur fylgt mannum frá því í árdaga. Fornleifafræðingar eru sumir á þeirri skoðun að klæði frumanna hafi fremur verið til skrauts en til að veita skjól frá veðri og vindum. Öll eigum við föt og sum okkar meira að segja mjög mikið af þeim. Hver er ástæðan fyrir því? Við, rétt eins og frummaðurinn, horfum ekki á fatnað sem eingöngu eitthvað til að halda á okkur hita heldur mikið frekar eitthvað til að sýna hver við erum eða hver við viljum vera. Sum okkar eiga það til að dæma fólk og flokka við fyrstu kynni eftir því hvernig fötum það klæðist. Við reynum svo að lesa í félagslega stöðu fólks, áhugamál og lífsskoðanir eftir því hvernig fólk klæðist. Það er ekkert undarlegt við það, því við notum föt einmitt til að aðgreina okkur sjálf á þennan hátt. Við sendum skilaboð til samfélagsins um hver við erum og hvar við stöndum innan þess með fötum sem við klæðumst, jafnvel án þess að við vitum af því. Smekkur okkar á fatnaði er mótaður af því hver við erum og hvaðan við komum.

Við sjáum þessa ímyndarsköpun kannski einna best þegar við förum í búninga og tökum að okkur hlutverk einhverra annarra en okkur sjálfra. Þemapartý eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli. Þar mætir fólk sem frægir einstaklingar eða í klæðnaði ákveðinnar stéttar eða tímabils. Þar sjáum við vel hvernig fötin verða það sem einkenna þann hóp sem þessi þemapartý snúast um hverju sinni.

Verkefni

Með því að skoða fatnað fólks bæði í nútímanum og frá fyrri tíð er hægt að lesa mjög marga í samfélagið um viðhorf og gildi þess á hverjum tíma. Hvað þótti við hæfi og hvað ekki? Skoðið myndirnar hér fyrir ofan og veltið fyrir ykkur frá hvaða tímabilum þær eru? Hvernig greinið þið það? Hvaða tilfinningar vekja þessar myndir upp með ykkur? Hvað segja þessar myndir okkur um viðhorf til kynjanna?

Tíska er orð sem ætti að hafa komið upp í umræðunni um myndirnar sem voru til umræðu. Tíska og smekkur eru mjög áhugaverð hugtök og það getur verið gagnlegt verkefni að skoða hvernig fatatíska endurspeglar hvað á sér stað í samfélaginu sjálfu. Hvernig birtist til að mynda kvenréttindabaráttu á 20. öld í fatatísku kvenna eða friðar- og frelsisbaráttu hippanna í fatavali þeirra?

Það er einnig áhugavert að skoða hvaða ramma samfélagið setur hverju sinni um fatnað, um hvað sé við hæfi og hvað ekki. Konur mega klæðast kjólum og pílsum en karlmenn eiga helst að forðast slíkt. Bæði kynin geta aftur á móti gengið í buxum þó svo að það hafi ekki alltaf verið með þeim hætti, en það þótti eitt sinn ekki siðlegt að konur gengju í síðbuxum. Einhvern daginn verður þessu kannski öðruvísi farið og bæði konur og karlar ganga í kjólum, rétt eins og gert er með buxur í dag. Kyngervið sem rætt var hér að framan er einmitt einna mest mótað í gegnum fatnað og fylgihluti. Þessar óskrifuðu reglur í hverju samfélagi er gott dæmi um þjóðfræðiefni og alveg þess virði að rannsaka betur. Eru þessar reglur einhvern tímann brotnar? Hvenær þá og af hverjum? Hvernig tengjast hefðir tísku og því hverju fólk klæðist?

Verkefni

Útbúið lista með þremur flokkum, þar sem fyrsti flokkurinn er fatnaður og fylgihlutir sem eðlilegt er að bæði kynin klæðist. Hinir tveir flokkarnir eru fót sem ætlast er til að bara annað kynið klæðist. Gott getur verið að vinna þetta í litlum hópum og kynna síðan listana fyrir öllum bekknum og sjá hvað er eins á þeim og hvað er ólíkt. Ræðið síðan um niðurstöðurnar og hvað þær geta sagt okkur um það samfélag sem við búum í.



Eins og nefnt hefur verið hefur fatnaður mótaði áhrif á viðhorf okkar til ýmissa hluta og þjóðfélagshópa. Klæðnaður ýmis konar er einnig oft táknmynd viðburða, ekki síst í tengslum við hátíðir. Íslenski þjóðbúningurinn er dæmi um fatnað sem notaður er sem tákn fyrir hóp og var á sínum tíma sérstaklega mótaður með það í huga að efla þjóðernisvitund Íslendinga og sameina fólkið í landinu sem eina þjóð. Honum, eins og þjóðfánanum, var og er ætlað að vera tákn fyrir ákveðinn hóp sem kallar sig Íslendinga.

Skautbúningurinn sem algengt er að Fjallkonan klæðist á Lýðveldisdaginn er ekki fatnaður sem hefur verið hluti af íslenskri

menningu frá upphafi eða mótast í gegnum árin að því sem við þekkjum í dag. Hann var skapaður á 19. öld af Sigurði Guðmundssyni málara (1833-1874) og saumakonum sem hann þekkti til og var í sambandi við vegna gerðar búningins. Sigurður vildi skapa tákni fyrir íslenska þjóð og valdi að gera það í gegnum kvenfatnað. Það var í raun lítill hópur manna sem skilgreindi hvað væri íslenskt/ þjóðlegt og hverju ætti að hampa í íslenski menningu á þessum tíma.



Þetta var ekki einsdæmi hér á landi, heldur gerðist um alla Evrópu sem hluti af þjóðernisvakningu 19. aldar. Þjóðbúningar eru þannig fyrst og fremst táknrænir, fremur en notadrjúgur fatnaður sem mótast og breytist með tíðarandanum. Þeir halda svo táknum sínum, fyrir hvað þjóð þeirra á að standa og hvað einkennir hana þrátt fyrir að þjóðin breytist óhjákvæmilega í gegnum árin.

Verkefni og umræða

Hvað hugsist þið þegar íslenski þjóðbúningurinn er nefndur á nafn?

Hvaða tengingu hafið þið við hann?

Eigi þið slíkan búning eða þekkið þið einhvern sem á slíkan búning?

-Hvernig er hann notaður?

- Eru einhverjar sögur tengdar búningnum?

Ef þið fenguð tækifæri til að hanna nýjan þjóðbúning, hvernig myndi hann líta út?

Hvaða tákni vilduð þið að hægt væri að lesa í búninginn, hvað gerir hann að íslenskum þjóðbúningi?

- skoðið fyrri kafla til að rifja upp virkni og tilgang hefða í sambandi við hópa og sjálfmynd.

Vinnið saman í að hanna nýjan þjóðbúning sem á að vera tákni fyrir íslensku þjóðina á 21. öldinni. Sá efniviður sem þið fáið til verksins er eingöngu verðlaust efni (rusl) sem ratað hefur í endurvinnslutunnur eða ætti heima í slíkum tunnum.

Skrifið stutta greinagerð þar sem þið rökstyðjið hönnun ykkar og útskýrið hvað þið viljið ná fram með henni.

- Er hægt að búa til eina flík sem getur verið tákni fyrir eins stóran hóp fólks eins og heilþjóð er?

- Rökstyðjið skoðun ykkar

Méð því að skoða efnismenningu eins og fatnað mismunandi tíma er hægt að nálgast fortíðina örllítið betur og sjá hvernig viðhorf og gildi í samfélögum breytast. Hægt er að sjá það sama í öðrum hlutum sem fólk á.

Það er óhætt að segja að á innan við 100 árum hafi efnisleg eign fólks margfaldast og það sem við teljum vera lífsnauðsynlegt hefur einnig breyst eða ummyndast. Hestar og bátar voru t.d. eitt sinn mikilvæg samgöngutæki almennings en núna hefur bílinn nær algjörlega yfirtekið þá virkni. Húsakynni fólks hér á Íslandi hafa einnig tekið miklum framförum á síðustu áratugum. Allir hlutir, stórir sem smáir, segja okkur eitthvað um eiganda sinn og eigandinn sjálfur hefur oftast en ekki einhverja sögu að segja af hlutunum, eitthvað sem gefur þeim merkingu þó ekki sé nema hvar hann fékk þá eða hvað þeir gera.

Heimilið er sá staður þar sem samfélag, hefðir og efnismenning mætast. Innan veggja heimilisins eru hlutir sem geyma með sér félagsleg skilaboð sem við höfum lært að lesa í. Félagsleg staða, efnahagur, lífskoðanir, gildi, bakgrunnur, pólitískar skoðanir, aldur íbúa og fleira endurspeglast í þeim hlutum sem við kjósum að hafa í kringum okkur. Hér fyrir neðan er uppskrift úr dánarbúi Jóns Guðmundssonar. Hann bjó og var með búskap sinn í Skáleyjum en átti hvorki landið né húsið sem hann bjó í. Hann var aðeins 47 ára þegar hann lést eftir veikindi sem komu í kjölfar meiðsla á fæti sem hann hlaut við vinnu sína. Það er erfitt að átta sig á verðgildi einstakra hluta úr dánarbúinu. Það er hins vegar hægt að bera saman innbyrðis virði hlutanna.

Úr dánarbúi Jóns Guðmundssonar (1822-1869) ábúanda í Skáleyjum í Breiðafirði

1 kvíga fengin af fyrsta kálfi	70 kr
8 ær loðnar og lembdar	112,-
10 gemlingar	90,-
2 sauðir þriggja vetra	32,-
1 bátur með reiða, segli og árum	40,-
Bók	1,-
2 nýjar vaðmálsrekkjuvoðir	7,-
2 rekkjuvoðir nýlegar úr vaðmáli	8,-
1 brekán nýleg, bláröndótt	9,-
1 ábreiða nýleg	9,-
1 boldangursæng með nýlegu fiðri	17,-
1 boldangskoddi nýlegur	7,-
1 boldangssæng nýleg	20,-
1 lagartunna úr eik	1,50
1 fatakista blámáluð	8,-
1 fatakista ómáluð	6,-
1 lítill kuti	1,50
Eignir samtals upp á	439 kr

(Úr Skiptabók Barðastrandasýslu, 1873-1877)

Listinn sem þið getið tekið saman um þá hluti sem þið eigið sjálf eða eru til á heimili ykkar er að öllum líkindum töluvert lengri en sá sem hér er sýndur. Það fær mann til að hugsa um hver er tilgangurinn með öllu því dóti sem flestir einstaklingar safna í kringum sig? Er neysluhyggja nútímans eitthvað betri en naumhyggja fortíðar? Inni á timarit.is er grein eftir Ólöfu Sigurðardóttir frá því í upphafi 20. aldar. Þar lýsir hún mjög nóturlegri barnæsku sem einkenndist af skorti og vanlíðan.

Verkefni

- Framreiknið hvert verðgildi hlutanna úr dánarbúi Jóns væri í dag.
- Finnið verð samsvarandi hluta í dag og skoðið hvort verðgildi þeirra hefur haldist?
- Skriðið upp ykkar helstu eignir og verðleggið á samsvarandi hátt og gert er með dánarbú Jóns
- Hvaða samfélagslegar breytingar hafa orðið ef við berum saman eignir ykkar og Jóns?
- Á vef á vegum Þjóðskjalasafns Íslands er hægt að fletta upp í [mantölum](#) sem gerð hafa verið á Íslandi. Getið þið fundið manninn þar?
- Hvað segir mantalið um hann?

Þessi verkefni hér eru hugsuð til að dýpka skilning á samfélagi fortíðar og hvernig einfaldur listi með hlutum getur leitt til ýmissa athugana og uppgötvana. Þessi verkefni er tilvalið að vinna í samvinnu við önnur fög sem einnig eru að fást við álíka viðfangsefni.



Umraða

Ræðið ykkar á milli um tilgang hlutanna í kringum ykkur. Hvað þarf fólk að eiga og hvað ekki og hvers vegna? Skoðið myndbandið hér fyrir ofan og lesið grein Ólafar á timarit.is og veltið fyrir ykkur andstæðunum sem birtast þar

Frásagnir af Íslandi

Húsin eru lítil og afar einföld að byggingarlagi. Þau eru niðurgrafin að hluta, sem gert er til að styrkja þau, auk þess sem þau halda betur hita. Útveggir eru hlaðnir úr grjóti og steinhnullungum og mold höfð á milli. Húsin eru venjulega um þrjár og hálf alin á hæð og 12 til 14 álnir á lengd. Breidd er ekki meira en svo að þegar hávaxinn maður stendur á miðju gólfi og teygir út handleggina nær hann með fingurgómum til beggja hliða. Yfir þessu er lágreist þak á þunnum viðarsperrum. Ofan á þær eru settir þrír þverbitar og efst leggja menn spýtur. Allt er þetta þakið grassverði sem grær á vorin og vex þétt saman og hann hleypir hvorki hitanum út né regni og snjó inn. Á framhliðinni eru litlar útídyr með lélegri viðarhurð og á þakinu eru sex eða sjö op til að hleypa dagsbirtunni inn. Í stað glugga eru settar í opin litlar tunnugjarðir og gagnsæjar himnur strengdar vandlega yfir. Himnurnar eru gerðar úr líknarbelg nauta eða kúa og kalla Íslendingar þær hinne. [...] Undir öðrum útveggnum endilöngum er slegið upp viðarpalli, mátulega háum til þess að hægt sé að hafa kárnar undir honum á vetrum. Hann þjónar sem rúmstæði fyrir heimilisfólkið. Á pallinn er stráð svolitlu af heyi og þar sofa allir undir vaðmálsábreiðum sem stundum eru fóðraðar með sauðskinni. Fólk sefur kviknakið og þar sem einn hefur höfuðið hefur annar fæturna. Höfð er mjó brík eða spýta á milli þeirra sem eru ógiftir. Geta má nærri hversu glæsilegur húsbúnaðurinn er í þessum híbýlum og óþefurinn megn.

(Johann Anderson, 2013: 178, fyrst gefið út 1746)

Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar: 1870-1940

Sölvhöll var torfbær, reistur 1834. Hann var tvö hús, eins og flestir reykvískir torfbæir, annað notað til íbúðar og hitt til eldamennsku. Veggir voru hlaðnir úr torfi og grjóti en gaflar framhússins voru úr timbri. Inngangur var um lítinn skúr að sunnanverðu. Þá var komið í göngin sem lágu um þvert hús og alveg inn í eldhúsið í bakhúsinu. Niðri í framhúsinu voru tvö herbergi sitt til hversrar handar. Í vesturherberginu voru borð og nokkrir tréstólar, skápar og kistur. Þar var matast. Lítil gluggi með þremur rúðum var á þessu herbergi. Í austurherberginu hefur húsfreyja sofið og líklega yngri börnin. Þar var kommóða, koffort og skápur, allt íslensk smíði. Sexrúðugluggi var á gafl.

Gengið var upp á loft um þröngan tréstiga og komið upp um lúgu. Þar var tvískipt lág baðstofa undir súð og ekki er ólíklegt að synirnir hafi búið í austurendanum en annað heimilisfólk í vesturendanum. Þar voru rúm, kistur, rokkar og ýmislegt dót. Einnig voru þarna nokkrar bækur og blöð, m.a. *Vídalínspostilla*, sem lesið var úr á kvöldvökum. Tveir litlir gluggar voru á hvorum gafl baðstofunnar.

Moldargólf lá inn í eldhúsið og í því var einnig moldargólf. Veggir og loft voru óþiljuð. Í rjáfrinu voru bitar þar sem lambakjöt, lax og rauðmagi voru hengd til reykingar og einnig eldhúsáhöld. Stór eikarvatnstunna með loki var í einu horninu og á henni hékk ausa. Í eldhúsinu voru þrennar hlóðir og strompur yfir. Dálítil gluggi var við strompinn sem veitti örlítili skímu inn á daginn. Á gólfinu voru vatnsfötur og svartir hlóðapottar. Þarna inni var oftast reykjarsvæla.

(Guðjón Friðriksson, 1991: 280-281)

Lýsingin hér er frá um 1870. Í bænum bjuggu þá 50 ára ekkja ásamt þremur börnum sínum (tveir synir rúmlega tvítugir), stjúp dóttur og vinnukonu. Þar að auki bjó þar 44 ára húskona sem vann fyrir sér með daglaunavinnu.

Í textabrotunum hér að framan er húsakynnum Íslendinga lýst á tveimur tímabilum, fyrst um miðbik 18. aldar og aftur um öld seinna. Það er auðvelt að bera þessar tvær lýsingar saman við fasteignaauglýsingar nútímans og sjá hversu miklar breytingar hafa orðið á heimilisháttum Íslendinga á síðustu 150 árum. Aðbúnaður hefur batnað til muna, húsin stækkað og innanstokksmunum fjölgað. Það er einnig áhugavert að velta fyrir sér hvernig persónulegt rými sem hver og einn fær hefur margfaldast. Flest eigum við eigin herbergi og höfum kannski átt frá því við vorum börn. Þar getum við lokað að okkur og leyft okkur að vera í næði frá öðrum heimilismönnum. Inni í herberginu geymum við einnig persónulega muni okkar, eitthvað sem við eigum ein og þurfum ekki að deila með öðrum. Við höfum heilt herbergi eingöngu fyrir okkur en í torfbæjum fortíðar svaf fólk ekki einu sinni eitt í sínu rúmi og persónulegar eigur þess rúmuðust í litlum trékistli. Hvaða áhrif haldið þið að það hafi haft á samfélagið og samskipti fólks að hafa svona litla möguleika á einkalífi? Skiptir þetta kannski engu máli?

Verkefni

Takið viðtal við 1-2 einstaklinga sem eru fæddir fyrir miðja síðustu öld og spyrjið þá út í húsakynnin sem þeir ólust upp í. Hvernig var til að mynda hreinlætisaðstaða á heimilinu og hvar var helsti samkomustaður fjölskyldunnar?

Spyrjið einnig um hvaða persónulegu hluti þeir áttu við 14 ára aldur. Á það eitthvað af þessum hlutum enn eða eru einhverjar sögur og minningar tengdar þessum hlutum?

Það gæti verið gagnlegt fyrir ykkur að fá viðmælendur ykkar til að teikna upp grunnmynd af æskuheimilinu og setja inn á myndina helstu hluti sem voru á heimilinu eins og rúm og borð og þess háttar og sýna ykkur myndir sem teknar eru inni á heimilinu séu þær til. Það hjálpar ykkur til að gera sé betri mynd af því hverju viðmælendur eru að lýsa.

Hlutir setja merkimiða á líf okkar og hver við erum og hver við viljum vera. Þessi fullyrðing á við hvort sem talað er um fatnað okkar eða híbýli. Við erum háð hlutunum í lífi okkar, bæði í gegnum notagildi þeirra en ekki síst ímyndargildið sem þeir geyma. Það birtist meðal annars í minningunum sem við tengjum við það sem við eigum. Við sem einstaklingar og sem tiltekinn hópur og samfélag leggjum merkingu í hlutina sem eru í kringum okkur. Oft hlutgerum við minningar okkar og tilfinningar sem birtist á þann hátt að við viljum geyma og halda upp á hluti sem kannski hafa ekkert notagildi lengur. Aðgöngumiði á tónleika sem löngu eru búnir hefur kannski ekki peningalegt gildi en á einhvern hátt geymir hann minningar um góðar stundir og upplifun sem viðkomandi vill halda í. Hlutir sem við höfum í kringum okkur tengja okkur þannig liðnum atburðum og einnig eintaklingum. Lyklakippa, penni eða dósaupptakari sem einhver náinn okkur bar alltaf á sér, eru ekki merkilegir hlutir í sjálfu sér. En ef viðkomandi fellur frá verða þessir hlutir allt í einu mjög merkingarhlaðnir og á táknrænan hátt hluti af hinum látna. Við upplifum þá kannski nána tengingu við hinn látna í gegnum hluti sem hann átti og bar sjálfur. Á þennan hátt eru hlutir ekki eingöngu hlutir, heldur hafa þeir einhverja merkingu sem getur verið mjög einstaklingsbundin. Hlutir geta einnig haft sameiginlega merkingu fyrir stærri hóp. Er t.a.m. einhver hlutur sem er á einhvern hátt einkennistákn fyrir skólann ykkar eða fjölskyldu? Af hverju?

Verkefni

A). Safnið sögum og myndum tengdum tattúum

- Það getur verið skemmtilegt verkefni að safna sögum tengdum tattúum og af hverju fólk fær sér tiltekið tattú. Ef farið er í slíkt verkefni er mikilvægt að fá sem mestar upplýsingar um þann sem tekið er viðtal við og taka mynd af tattúunum. Það er mikilvægt til að hægt sé að greina og sjá einhvers konar mynstur í tengslum við ákvarðanir einstaklinganna.

- Ræðið við húðflúrara um tattú og verklagið tengt því að skapa tattú

Hvert er vinnuferlið?

Hvernig menntar maður sig í þessu starfi ?

Eru einhverjar hefðir og sögur sem tengjast starfinu?

B). Takið viðtöl við 1-2 viðmælendur og ræðið við þá um lykt. Fáðið þá til að lýsa hvaða lykt þeim finnst góð og hversvegna. Fáðið viðmælendur til að gera slíkt hið sama um lykt sem þeim finnst vond.

-Hvað tengja viðmælendur við þær lyktir sem þeir nefna?

-Spyrjið út í lykt sem þeir tengja við barnæsku sína.

-Eru einhverjar sögur sem þeir geta sagt frá úr sínu lífi sem þeir tengja við lykt?

C). - Aflið ykkur upplýsinga um hver Sigurður Guðmundsson málari var. Fyrir hvað er hann þekktur, annað en íslenska skautbúninginn? (Þessi vefslóð gæti komið að gagni <https://sigurdurmalarhi.is/>)

-Skoðið sögu þjóðbúninga á Íslandi og hvernig þeir eru og hafa verið notaðir.

-Sigurður málari lagði upp með að ákveðin atriði í íslenskrum náttúru og menningu yrðu sýnileg í gegnum þjóðbúninginn. Hver voru þessi atriði?

-Aflið ykkur upplýsinga um út á hvað þjóðernisvakningin í Evrópu gekk á tíma Sigurðar.

-Hverjir eiga og klæðast þjóðbúningum í dag og við hvaða tilefni? Eru einhverjar óskrifaður reglur um hvernig og hvenær á að klæðast þjóðbúningi?

-Athugið hvort þið getið komist að því hvað slíkir búningar kosta almennt.

D). Allt sem við eigum í eina ferðatösku (í þetta verkefni þarf meðalstóra ferðatösku og myndavél)

Gefum okkur það að upp sé komin sú staða að þú þurfir að yfirgefa heimili þitt og það líf sem þú þekkir í dag og getir aldrei snúið aftur. Þú færð eina kvöldstund til að pakka niður í eina ferðatösku öllum þeim munum sem þú vilt hafa með þér þangað sem þú þarft að fara. Þú getur bara tekið eina tösku með og það verður að vera hægt að loka henni. (Hreinlætisvörur eins og tannbursti og sápa er eitthvað sem þú hefur aðgang að á nýja staðnum og sama gildir um nærfatnað og allan mat.)

-Þegar þú hefur sett allt ofan í tösku skaltu taka mynd af töskunni og skrifa síðan upp allt sem fór ofan í hana og af hverju þú valdir að taka það með þér.

-Var eitthvað sem þú hefðir viljað taka með en rúmaðist ekki ofan í töskunni.

-Hvað segja þessir hlutir sem eru ofan í töskunni um þig? Hvað er það sem skiptir þig máli og af hverju?

-Fáðið foreldra ykkar til að gera þetta sama verkefni. Hvað settu þau ofan í tösku sem þið gerðuð ekki?

Heimildir sem vitnað er beint til í kaflanum:

- Anderson, Johann. (2013). *Frásagnir af Íslandi: Ásamt óhróðri Göries Peersen og Dithmar Blefkens um land og þjóð* (Gunnar Þór Bjarnason og Már Jónsson önnuðustu útgáfu). Reykjavík: Sögufélagið.
- de Beauvoir, Simone. (1989). *The Second Sex* (H. M. Parshley þýddi). New York: Vintage Books.
- Glassie, Henry. (1999). *Material Culture*. Bloomington: Indiana University Press.
- Guðjón Friðriksson. (1991). *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar: 1870- 1940*. Reykjavík: Iðunn.
- Halldór Laxness. (1956). *Alþýðubókin*. Reykjavík: Helgafell.
- Jóhanna Árnadóttir. (2009). „*Fallega skreyttir líkamar.*“: *Sögur um húðflúr*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild. Sótt 07.09.14 á <http://skemman.is/handle/1946/2596>
- Ólöf Sigurðardóttir (1906). Bernskuheimili mitt. *Eimreiðin*, 12, 96-111. Sótt 07.09.14 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178962&pageId=2324765&lang=is&q=EIMREI%D0IN
- Þí. Skjalasafn Barðastrandarsýslu, XI, fylgiskjal 12 skiptabók 1873-1877.

Heimildir sem kaflinn byggir á

- Aspelund, Karl. (2011). Þekki ég nú börnin mín aftur: Menningarsköpun hástétta með kvenklæðnað í mótun íslenskrar þjóðarímyndar á 19. öld. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (340-349). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Atkinson, Michael. (2004). Tattooing and Civilizing Processes: Body Modification as Self- control. *Canadian Review of Sociology & Anthropology* 41, 25-146.
- Cohen, Anthony, P. (2000). *Signifying Identities: Anthropological Perspectives on Boundaries and Contested Values*. London: Routledge.
- Cunningham, Patricia, A. og Lab, Susan, V. (1991). Understanding Dress and Popular Culture. Í Patricia A. Cunningham og Susan Volso Lab (ritstj.), *Dress and Popular Culture* (5-18). Ohio: Bowling Green State University Popular Press.
- DeMello, Margo. (2000). *Bodies of Inscription: A Cultural History of the Modern Tattoo Community*. Durham: Durke University Press.
- Douglas, Mary. (1966). *Purity and Danger: An Analysis of Concepts of Pollution and Taboo*. New York: Frederick A. Praeger.
- Goffman, Erving. (1959). *The Presentation of Self in Everyday Life*. Garden City, NY: Doubleday.
- Lehnert, Gertrud. (2000). *Tíska: Sögulegt ágríp* (Fríða Ólafsdóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Löfgren, Orvar. (2012) *Material Culture*. Í Regina F. Bendix og Galit Hasan-Rokem (ritstj.), *A Companion to Folklore* (169-183). Malden, MA: Wiley- Blackwell.
- Rouse, Elizabeth. (1989). *Understanding Fashion*. Oxford: Blackwell Scientific.
- Sigurður Guðmundsson. (2006). *Um íslenskan faldbúning*. Reykjavík: Þjóðbúninga-stofa.
- Synnott, Anthony. (1993). *The Body Social*. London og New York: Routledge.
- Úlfhildur Dagsdóttir. (2006). Úlfakrásir: Merkingaheimur mannlíkamans. Í *Skírnir: Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, 180, 357-378.
- Æsa Sigurjónsdóttir. (2008). *Til gagns og til fegurðar: Sjálfsmyndir í ljósmyndum og klæðnaði á Íslandi 1860-1960*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands

Myndaskrá:

- Mynd á bls. 23: Blómatattú: http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Cherry_blossom_tattoo.jpg
- Mynd á bls. 23: Eurovision:: [http://commons.wikimedia.org/wiki/File:ESC2014_-_Austria_17_\(crop\).jpg](http://commons.wikimedia.org/wiki/File:ESC2014_-_Austria_17_(crop).jpg)
- Mynd á bls. 23: Fótspor: http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Paws_Tattoo.jpg#mediaviewer/File:Paws_Tattoo.jpg
- Mynd á bls. 23: Maður með Che Guevara tattú: http://commons.wikimedia.org/wiki/File:3rd_Day_-_The_Green_Che.jpg
- Mynd á bls. 23: Sól á baki: <http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Stamped.jpg>
- Mynd á bls. 23: Tattúveruð kona: http://commons.wikimedia.org/wiki/File:Body_art,_1907_black_n_white.jpg

Mynd á bls. 25: Coca cola auglýsing: <http://artisticblog.files.wordpress.com/2012/08/asian-sex-girls.jpg>

Mynd á bls. 25: D&G auglýsing: <http://i34.tinypic.com/est5k7.jpg>

Mynd á bls. 25: Kona í kóngulóarvefnum: http://www.spectacledmarketer.com/wp-content/uploads/2013/10/9_Vintage_Ad.jpg

Mynd á bls. 25: Kona í sófa: http://blogs.phoenixnewtimes.com/valleyfever/2009/10/facebook_feud_over_billboard_o.php

Mynd á bls. 25: MAC– auglýsing: <http://stylefrizz.com/201301/spring-2013-fashion-ads-target-strong-women/>

Mynd á bls. 25: Mennirnir á nærfötunum: <http://surfingbird.ru/surf/cUcn64F41>

Mynd á bls. 25: Wrangler auglýsing: <http://designyoutrust.com/2012/11/vintage-mens-fashion-ads/>

Mynd á bls. 25: Sony auglýsing: <http://www.pinterest.com/pin/117586240242702293/>

Mynd á bls. 25: Stelpurnar í grænu fötunum: <http://followpics.co/sears-catalog-ad-for-neon-clothing/>

Mynd á bls. 25: Skautbúningur: Úr safni höfundar.

Vefslóðir:

Dalalíf á bls. 24: <https://www.youtube.com/watch?v=ckt3t1sKHgs>

Íslenski þjóðbúningurinn á bls. 27: <http://vimeo.com/18718670>

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands á bls. 28: <http://manntal.is/>

Sigurður Guðmundsson: https://sigurdurmalari.hi.is/?page_id=385

Spúútnik-týpur á bls. 26: <http://vimeo.com/31149835>

Vörður auglýsing á bls. 28: <http://vimeo.com/52221751>

Ég og sögurnar mínar

Sögur eru stór hluti af okkar daglega lífi og eitt aðalrannsókarvið þjóðfræðinnar. Öll segjum við og heyrum sögur, jafnvel oft á dag. Það er hluti af samskiptum okkar við aðra að segja frá einhverju sem henti okkur eða aðra sem við þekkjum eða einhverju sem við heyrðum eða lásum. Hvað hafið þið til að mynda heyrt margar sögur bara í dag? Sögunum miðlum við í máli, myndum eða texta. Viðfangsefni þessa kafla verður að skoða þetta fjölbreytta form sem sögur eru og hvernig þær hafa birst í samfélögum liðinnar tíðar og birtast okkur enn. Við munum einnig skoða hlutverk þessara sagna í samfélaginu. Í gegnum námsefnið hefur verið lögð áhersla á að safna efni af mismunandi toga. Í þessum kafla haldið þið áfram að safna og velta fyrir ykkur hvernig fólk segir frá, af hverju og um leið skoðið þið hvernig við getum lesið í samfélagið í gegnum þær sögur sem sagðar eru innan þess?

Þegar við tölum um þjóðsögur skiptum við þeim oftast gróflega í tvennt: Annars vegar ævintýri og hins vegar þjóðsagnir. Það sem er sameiginlegt með þeim er að þær verða til meðal fólks og berast fyrst í stað á milli með munnlegum frásögnum frekar en í prentuðu máli. Þær hafa engan einn höfund og eru margar hverjar til í nokkrum útgáfum, eins og oft verður með sögur í munnlegri geymd. Það er samfélagið sjálft á hverjum stað sem heldur þeim lifandi með því að segja þær áfram og um leið er eitthvað í sögunum sem á erindi við samfélagið því annars myndi enginn nenna að hlusta á eða segja þær. Ef enginn hefði fundið hjá sér þörf til að skrifa niður þessar þjóðsögur sem við eigum í dag í þjóðsagnasöfnum okkar væri eflaust hluti þeirra glataður í dag vegna þess að samfélagið og áhugamál þess eru sífellt að breytast

Verkefni

Skoðið þau viðtöl og efni sem þið hafið safnað hingað til.

- Eru einhverjar sagnir eða ævintýri sem þið hafið safnað? (t.d. Um huti eða hefð)
- Farið á bókasafn og finnið bækur með þjóðsögnum og/eða ævintýrum?
- Veljið eina sögu og segið hana í tíma, ræðið um hvaða sögur voru valdar og af hverju? Hvað þær segja okkur?

Það var áhugi manna á eigin uppruna sem rak fólk eins og Grimmbæður af stað í að safna og skrá þjóðsögur. Þessir fyrstu þjóðsagnasafnarar vonuðu að með því að kanna sögurnar væri hægt að greina betur uppruna mannsins, því sögur hafa alla tíð verið hluti af tilvist hans og sumar sögur sem fólk sagði hvert öðru voru greinilega mjög gamlar. Annað sem hefur rekið menn af stað í söfnun er vitneskjan um menningarlegt mikilvægi sagna og óttinn við að þær gleymist séu þær hvergi til skrifaðar niður. Trúin á 19. öld var að samfélagið sem þjóðsögurnar lifðu í væri á undanhaldi og breytingar innan þess svo hraðar að ef ekkert yrði að gert gleymdust þessar sögur og mikilvæg menning þeirra glatast um leið. Þó að þessi trú sé svolítið ýkt er ljóst að munnlegar sögur eru alltaf að breytast í takt við tíma og umhverfi. Það er einnig ljóst að sögurnar sem við segjum hafa mikið að segja um okkur og samfélag okkar.

Söfnun þjóðfræða á 19. og snemma á 20. öld þýddi að mikið er til af þjóðsögum frá fyrri tíð fyrir nútímamanninn að lesa og skoða. Sögurnar eru gullnáma í augum margra og til er sérstök fræðigrein, þjóðsagnafræðin, sem sérhæfir sig í greiningu og rannsóknum á þeim sögum sem safnast hafa í gegnum aldirnar, út um heiminn allan. Þar af leiðandi er til töluverð þekking um eðli slíkra sagna, útbreiðslu og tilgang. Það er samt mikil einföldun að flokka allar munnlegar frásagnir einvörðungu í tvennt, annarsvegar sagnir og hins vegar ævintýri. Oft er t.d. bætt við þriðja flokknum, *goðsögum*, sem inniheldur t.d. sögur úr goðafræði ýmissa þjóða. Hver flokkur sagna hefur síðan síðan fjölmarga undirflokkar og hliðarflokka sem gerir þetta enn flóknara. Hér leggjum við áherslu fyrst og fremst á tvo flokka: ævintýri og sagnir. Stiklað verður á stóru um hvað þeir hafa að geyma og hvernig það tengist þjóðfræði og samfélaginu okkar í dag og einig samfélagi forfeðra og mæðra okkar.

Einu sinni fyrir langa löngu... Segja má að þetta sé nokkuð kunnugleg byrjun og horfa má á að þetta sé einnig stef sem tengist þjóðfræðinni ævarandi böndum, því upphaf hennar var þegar fræðimenn eins og Grimmbræður fóru að safna sögum og ævintýrum m.a. í þeim tilgangi að greina samfélagið sem þeir söfnuðu þeim frá eins og minnst hefur verið á áður. Við byrjum, líkt og þá, á að skoða ævintýrin.

Mjaðveig og Króka **Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar**

Einhverju sinni var konungur og drottning í ríki sínu. Þau áttu eina dóttir er nefndist Mjaðveig. Var hún strax á æskuárum mjög gjörvugleg. Ólst hún upp hjá foreldrum sínum þar til hún var orðin fulltíða. Þá tók drottning sótt og andaðist. Konungur syrgði hana mjög og vildi ekki huggast láta og sama var að segja um dóttur hans. Gengu þau oft og tíðum til leiðis drottningar og sátu þar. En er þetta hafði nokkra stund þannig fram farið sáu menn að ekki mátti svo búið standa því ríkisstjórn varð svo gott sem engin. Honum var því ráðið til að fara og leita sér konfangs og fekkst það loksins af honum. Fór hann þá að ferðast um ríki sitt og ætlaði þá að taka þá er honum litist best á án tillits til ættgöfgis eður auðæfa. Loksins eftir að hann hafði víða farið kom hann á fjölmennan fund og leit þar konu nokkra mjög harmandi og dóttur hennar hjá henni. Konungur frétti hver væri orsök ógleði hennar, en hún bað hann ekki að auka á harma sína með því að spyrja um það, en sagði þó að fyrst honum væri hugarhaldið að vita það þá kæmi harmur sinn af því hún væri ekki alls fyrir löngu búin að missa mann sinn. Hann kvað standa líkt á fyrir þeim og þar honum leist vel á hana spurði hann hvort hún vildi ekki taka sér ef henni byðist sá kostur, og var það afráðið að hún fór með konungi heim til borgar hans og gjörðist drottning.

Dóttir drottningar er nefndist Króka var látin fara í skemmu til Mjaðveigar. Þegar þær höfðu nokkra stund þarna verið fóru menn að taka eftir því að þegar fáir eða enginn var við sem þær af vissu breyttust þær í tröllslíki og olli það konungi mikillar ógleði þó hann ekki gæti við gjört. En Mjaðveig var þó miklu verr farin því dóttir drottningar hreif frá henni hvað eina er hún vildi og þar að auki var hún mikið hrædd um sig. Fekk hún þá einu sinni vitran (líklega í draumi) að móðir hennar segði henni hún skyldi taka það er lægi hjá leiði sínu, en sem hún hafði ekki tekið eftir þó hún þrálega væri þar, og hafa það millum brjóstá sér, mundi hana þá ekki saka. Hún fer síðan að skyggjast um og fann þar brjóstadúk; gjörði hún við hann sem fyrir hana var lagt, en Króka komst að þessu og svipti Mjaðveigu honum. En skömmu þar eftir fékk hún aðra vitran. Bauð þá móðir hennar henni að taka í það er lægi nálægt leiði sínu, og þegar hún hafði litast um fann hún hnoða og tók í enda þann er út úr því var, og rann það þá með henni þangað til hún kom að skemmu einni. Vissi hún að sér mundi þar vera bústaður ætlaður, þar allt var þar vel um vandað og nægur kostur fyrir hana. Hún sá allt hvað gjörðist í konungsborginni, en þó vissi enginn af skemmuni. Á leiðinni til skemmunnar hafði Mjaðveig misst annan skóinn sinn og hét hún, ef karlmaður fyndi hann, skyldi hún þann mann eiga. Þegar hún hafði skamma stund í skemmuni búið kom skip mjög fagurt að landi. Var þar á konungsson nokkur og gekk á land og upp

til borgar. Konungur var svo utan við sig af öllu því sem honum mætt hafði að hann sinnti mönnum naumlega, auk heldur gengi til móts við þá, og því bauð hann ekki konungssyni til sín, fann hann því skóinn Mjaðveigar.

Drottningin tók við honum báðum höndum og töluðust þau margt við. Spurði hann þá drottningu hvert hún vissi til að nokkur gripur hefði týnst ekki alls fyrir löngu og kvað hún svo vera. Sagði hún að hún dóttir sín hefði kvartað yfir að hún hefði týnt nokkru, en hefði ekki viljað segja sér hvað það verið hefði. Bað hún að hann segði sér hver gripurinn væri og lét hann það eftir henni og sýndi henni skóinn. Þóttist hún þá þekkja hann og kvaðst ætla með hann til dóttur sinnar. Gaf hann henni leyfi til þess, en kvaðst vilja sjá bæði dóttir hennar og skóinn á fætinum. Drottning fór nú og kom aftur með dóttur sína, bar hún þá skóinn á fæti sér. Bað hann þá dóttir drottningar og var hún honum heitin. Skyldi hann fara með hana heim til sín og giftast henni þar. Bað móðir hennar hana að láta sig vita hvenær brúðkaupið skyldi haldast því hún vildi vera við. Þegar þessu var lokið lagði konungsson á stað og sigldi undan landi, en þegar hann var lítið eitt kominn á ferðina þá komu tveir fuglar fljúgandi og heyrðu skipverjar að fuglarnir mæltu þessi orð:

Í stafni situr Högginhæla,
fullur skór með blóð.
Heima situr Mjaðveig
í gullskemmu sinni.
Snú þú aftur kóngssonur.

Þegar konungssonur hafði heyrt þetta lét hann skoða fótinn á festarmeyju sinni og varð þá ljóst að af henni voru höggnar bæði tærnar og hællinn, og líka það að hún hafði ekki samkynja skó á hinum fætinum. Hann bauð nú mönnum sínum að halda aftur til lands og svo var gjört. Gekk hann nú á land við fáa menn og hitti skemmu Mjaðveigar og fekk hana í tal. Leist honum öllu betur á þessa mæer en hina fyrri og svo þekkti hann að hún bar skó þann á fæti sínum er saman átti við þann sem hann hafði fundið. Kom hann þá með þann er hann hafði fundið og var hann mátulegur. Kom þeim síðan saman um að hún færi með honum, og þegar þau voru komin á skip lagði hann á stað og hélt heim í ríki sitt og lét ekki á öðru bera en hann ætlaði að eiga Króku. Þegar hann hafði skamma stund heima dvalið lét hann skip fara til að sækja drottningu, stjúpu Mjaðveigar. En þegar það var lagt á stað lét hann stytta Króku stundir og brenna síðan. Öskunni var safnað saman og hún höfð í graut er gefa skyldi drottningu þegar hún kæmi. Drottning kom og var fram borinn fyrir hana þessi réttur.

En er hún smakkaði sagði hún: „Góður er grauturinn hjá Króku dóttir, en þyrstir mig af honum“ Þegar hún hafði þetta [sagt] kom rödd úr kverkum hennar sem sagði: „Éttu mig ekki, móðir mín.“ Þá ætlaði drottning [að] breytast í tröllslíki, en í því var henni atлага veitt og drepin. Var hún einnig brennd. Að því búnu settist konungsson og Mjaðveig á brúðarbekkin.

(Jón Árnason, 1954-1961:)

Þið kannist ef til vill við þetta ævintýri um Mjaðveigu og Króku, eða hafið heyrt önnur sem minna ykkur á það. Það ævintýri sem flestir tengja við þessa gerð ævintýris er sennilega sagan af Öskubusku. Hana er að finna víðast hvar um Evrópu (og raunar víðar) í einhverri mynd. Sögurnar heita ekki alltaf það sama en þó eru alltaf einhver sameiginleg atriði í þeim. Þessi atriði eru kölluð af fræðimönnum *minni* (e. *motif*). Það eru smæstu einingar hvers ævintýris sem saman mynda tiltekna gerð ævintýra, í þessu tilfelli það sem er kallað Öskubuskugerðin. Minnum hefur oft verið líkt við vínber og *gerðinni*, sem einnig er heiti yfir samsvarandi ævintýri (e. *type*), við vínberjaklasa. Til að talað sé um að ævintýri séu af sömu gerð þurfa þau að hafa ákveðin sameiginleg minni í sömu röð. Ef þið berið saman Öskubuskuævintýrið sem safnað var af Grimmbæðrum og síðan ævintýrið um Mjaðveigu, hvaða sameiginlegu atriði er þar að finna og hvað er ólíkt? Hvernig hefur íslenska gerðin aðlagð sig að kringumstæðum hér á landi?

Verkefni

Gerðar hafa verið kvikmyndir og teiknimyndir byggðar á þessu ævintýri. Finnið slíkt efni og berið saman við sögurnar tvær. Hvaða atriði þarf Öskubuskuævintýri að hafa til að geta flokkast af sömu gerð? Bókina *Öskubuska í austri og vestri*, eftir Önnu Birgittu Rooth getur einnig verið gagnlegt að skoða, en þar eru enn fleiri ævintýri af þessari gerð.



Mönnum hefur verið það hugleikið hvað valdi því að ævintýri og munnmæli með svo líku sniði finnist svo víða. Er eitt dæmi af ævintýragerð „réttari“ en annað? Á ævintýrið sér einn upphafspunkt eða marga? Flestir sem rannsaka þessi fræði eru á því að hvoru tveggja geti verið raunin. Ljóst er að ævintýri ferðast með fólki og breiðist út með ferðalögum og búferlaflutningum manna, en það er einnig svo að eitthvað sammannlegt býr í öllum samfélögum sem geri það að verkum að sama ævintýrið spretti upp á ólíkum stöðum. Segja má því að sömu ævintýragerðina megi finna í flestum samfélögum en hvert og eitt samfélag setji mark sitt á söguna, svo hún hæfi betur hverjum áheyrandaþópi.

Fræðimenn hafa ekki eingöngu skoðað uppruna og útbreiðslu ævintýra og annarra þjóðsagna, heldur hefur þeim líka verið hugleikin bygging þeirra í heild sinni, sem virðist endurtaka sig og eiga sameiginleg einkenni í mörgum löndum. Axel Olrik (1864-1917) kom í upphafi 20. aldar fram með algild lögmál allra munnlegra sagna (þar á meðal ævintýra). Hann taldi kenningar sínar ná jafnt yfir ævintýri sem þjóðkvæði, goðsagnir og allt innan þjóðsagnafræðinnar. Hann lagði þannig áherslu á einfaldleika munnlegra frásagnanna og trúði að það væri lykillinn að því að þær héldust í munnlegri geymd.

Annar fræðimaður, Max Lüthi (1909-1991), kom fram svo með aðrar kenningar sem áttu fyrst og fremst við um evrópsk ævintýri. Lüthi taldi að greina mætti fjögur einkenni á öllum evrópskum ævintýrum. Það fyrsta væri það sem kallað hefur verið einviddareðli þeirra. Þar átti hann við að ekki sé gerður greinarmunur í ævintýrum á hversdeginum og því yfirnáttúrulega. Töfrar, verndargripir og ýmsar furðuverur eru jafn sjálfsagðar í ævintýrunum og fjöll og fólk; það er fátt sem kemur sögupersónum þar á óvart. Annað einkenni ævintýra sem Lüthi benti á var flatleiki þeirra, þ.e. að í ævintýrum er allt næstum alltaf í beinum línunum, hreinum formum og grunnlitum eins og bláu, gulu og rauðu. En ævintýrin eru einnig með ákveðinn tilfinningaskort, því þar verður enginn leiður eða finnur fyrir söknuði eða öðrum flóknum

7 af 13 frásagnarlögmálum Axel Olrik

1. Þjóðsögur/ævintýri hvorki hefjast né enda skyndilega, heldur er aðdragandi að hvoru tveggja.
2. Mikið er um endurtekningar og er talan 3 mjög áberandi.
3. Það eru alltaf bara tveir virkir á söguviðinu í einu.
4. Mikið er um andstæður í frásögninni, (góður/vondur, ríkur/fátækur o.s.frv.).
5. Einfaldur söguþráður og atburðarás í rétttri tímaröð.
6. Eiginleikar sögupersóna eru sýndir í verki en ekki útskýrðir með orðum.
7. Ævintýrið einbeitir sér alltaf aðeins að einni söguhetju.

tilfinningum. Birtingarmynd þriðja einkennis Lüthi er meðal annars í skörpum skilum í aðgreiningu á persónum: Þær eru góðar eða vondar, litlar eða stórar, ríkar eða fátækar og ekkert þar á milli. Þessu tengist svo sú regla að í lýsingum í ævintýrum er langoftast eingöngu notað eitt lýsingarorð fyrir hluti eða persónur: „stórt“ hús, „dimmur“ skógur og „ungur“ prins. Annað dæmi um þriðja einkenni ævintýra er hvernig allt virðist smella saman að jafnaði á endanum í ævintýrum, eins og þegar hetjan bjargar prinsessunni rétt í tæka tíð. Hetjan notar líka *allan* þann tíma sem henni er úthlutað til tiltekins verkefnis.. Þar að auki er athyglisvert að það birtast alltaf sömu tölurnar í frásögninni: Þrír, sjö og tólf eru þar fremst í flokki. Fjórða einkenni ævintýra að mati Lüthi er svo hversu „einangraður“ söguþráðurinn í þeim er. Það sem átt er við hér er að ævintýrin eru þáttaskipt og í þeim einangrast hver þáttur frá öðrum. Þrátt fyrir að hafa drepið dreka í síðasta þætti er hetjan ekki reynslunni ríkari; hetjudáðin kennir henni i raun ekki neitt. Í staðinn fyrir að læra virðist hetjan búa yfir öllum þeim eiginleikum sem hún þarf til að komast í gegnum ævintýrið eða þá að hún fær til þess óvænta hjálp.

Við sjáum af þessum kenningum að einfaldleikinn er allsráðandi í ævintýrum. Sumir hafa þó gagnrýnt kenningar Olriks og Lüthi og fundist að ævintýrin séu ekki alveg svona einsleitur flokkur sagna. Hvað finnst ykkur?

Verkefni - Greining á ævintýrum

Til að fá góða tilfinningu fyrir viðfangsefninu þarf að kynna sér það vel. Fyrsta skrefið hér er því að lesa eins mikið af ævintýrum og nokkur kostur er. Auðvelt ætti að vera að nálgast slíkt efni, bæði í útgefnum bókum sem og á netinu. Snerpa.is er dæmi um vef þar sem hægt er að finna mikið safn ævintýra.

Því fleiri ævintýri sem þið lesið því auðveldara er að koma auga á sameiginleg atriði þeirra.

1. Skoðið söguna um Mjaðveigu og Króku og finnið þau atriði sem Axel Olrik telur upp í lögmálum sínum. Gerið það sama við söguna um Búkollu og síðan 1-2 ævintýri að eigin vali.
2. Það getur verið gaman að vinna með frásagnarformið ævintýri. Eins og komið hefur fram hefur það verið skoðað mikið og svo greint niður í hin smæstu smáatriði. Skoðið það sem einkenna á ævintýri og skapið ykkar eigin út frá því.

Útfærslan getur verið á margan hátt. Eitt dæmið er að skrifa ævintýrið á hefðbundinn hátt en einnig væri hægt að útbúa teiknimyndasögu byggða á ævintýrinu ykkar eða jafnvel tölvuleik eða borðspil, fyrir þá sem hafa þekkingu á þeim sviðum. Það sem verður að muna í gerð ævintýrisins ykkar eru þær skilgreiningar sem Max Luthi og Axel Olrik komu fram með.

Kenningar þriðja fræðimannsins um ævintýri sem hér verða skoðaðar eru kenningar rússneska fræðimannsins Vladimir Propp (1895-1970). Hann byggði kenningar sínar á rússneskum ævintýrum og greindi þau niður í 31 frásagnarlið. Það hefur ekki hvert ævintýri fyrir sig alla liðina en alltaf einhverja þeirra og fá ævintýri hefur frásagnarlið sem ekki er að finna innan lista Propp. Hann taldi liðina óbreytanlega og frumþætti í hverju ævintýri. Hægt er að horfa á þetta sem annarskonar byggingareiningar ævintýra. Samkvæmt Propp er þessum liðum raðað saman í réttri röð þangað til að úr verður ævintýri. Samkvæmt þessu er grunnur allra ævintýra sá sami þó útkoman geti orðið mismunandi

eftir því hvernig frásagnarliðirnir raðast saman. Á næstu síðu er að finna upptalningu á frásagnarliðunum og stuttar útskýringar við þá. Til útskýringar mætti skoða ævintýrið um Búkollu. Fyrst er það liður **8** – þar sem Búkolla týnist, svo kemur **9** – karl og kerling skipa stráknum að fara að leita að henni; **10** – strákur samþykkir að fara; **11**– strákur fer að heiman að leita Búkollu; **14** – strákur kallar á Búkollu; **15** – Búkolla svarar með bauli og leiðir hann til sín; **19** – strákur finnur Búkollu; **20** – þau leggja af stað heim; **21**– skessurnar tvær veita þeim eftirför; **22** – Búkolla og strákur sleppa; og **31** – Strákur kemur heim með Búkollu og fær hrós frá karli og kerlingu.

Frásagnarliðið Propps

1. Hvarf/brottför: Einhver úr fjölskyldunni fer. Það getur m.a. verið hetjan eða einhver sem hetjan bjargar síðar.
2. Bann: Hetjan er kynnt fyrir reglum um hvað má og hvað má ekki og þannig vöruð við.
3. Bann brotið: Reglurnar hafðar að engu. Skúrkurinn kemur inn í söguna.
4. Könnun: Skúrkurinn (oft í dulargervi) safnar upplýsingum eða fórnarlamb skúrksins spyr skúrkin um eitthvað. Skúrkurinn leitar að einhverju eða reynir að komast að einhverju, t.d. með því að handsama einhvern eða tala við einhvern úr fjölskyldunni.
5. Sending: Skúrkurinn fær upplýsingar um fórnarlambið (eða fórnarlambið fær vitneskju um eitthvað). Könnun hefur skilað árangri og upplýsingar berast annaðhvort um sögupersónur eða aðstæður.
6. Blekking: Skúrkurinn dulbýr sig og gerir tilraun til að blekkja fórnarlambið.
7. Vitorð: Fórnarlambið gengur á vald skúrksins og hjálpar honum óvísitandi. Blekking skúrksins hefur heppnast og hetjan eða fórnarlambið hegða sér eins og kemur skúrkinum best.
8. Ódæði/vöntun: Skúrkurinn gerir eitthvað af sér, (rænir, stelur, eyðileggur uppskeru, veldur brottnámi, leggur álög á, fremur morð, fangar, hótar og svo framvegis) og/eða fjölskyldumeðlim skortir/vantar eitthvað.
9. Milliganga: Tjón eða skortur verður ljós. Bón eða skipun til hetjunnar sem þarf að leitar einhvers. Hetjan sem hefur verið fórnarlamb skúrksins losnar úr hafti eða þarf að fara að heiman.
10. Fyrsta andspyrna: Hetjan ákveður eða samþykkir að gera eitthvað sem dregur úr vöntun (til dæmis finna töfradrykk).
11. Brottför: Hetjan fer að heiman.
12. Fyrsta virkni gefanda: Prófraun hetjunnar. Hetjan er reynd, ráðist á hana og hún þannig undirbúin undir að þiggja töfra eða hjálp.
13. Viðbrögð hetjunnar: Hetjan bregst við gjörðum tilvonandi gefandans, t.d. fellur á eða nær prófi, frelsar fanga, leggur niður deilur eða veitir þjónustu.
14. Móttaka á töfrakrafti: Hetjan kaupir, finnur, býr til, étur eða drekkur töfraefni eða öðlast töfrakraft. Um má vera að ræða dýr (hest), grip sem færir honum hjálparamann (lampa), töfragrip (hring) eða sérstakan eiginleika (hamremmi).
15. Leiðsögn/Millifærsla: Hetjan er leidd í gegnum, færð að, eða fær vísbendingar um hvar leita eigi að þeim hlut sem hún vill eða hana skortir. Hetjan færir í rými milli tveggja ríkja.
16. Bardagi: Hetjan og skúrkurinn mætast og takast á með beinum hætti.
17. Brennimark: Hetjan er merkt (til dæmis slasast eða fær hring eða sjal).
18. Sigur: Skúrkurinn er yfirunninn.
19. Upplausn: Leyst er úr flækjum/vöntun, álögum létt, fangar fá frelsi.
20. Snýr við: Hetjan snýr við.
21. Eftirför: Hetjuni veitt eftirför. Ráðist er á hetjuna og reynt að drepa hana, éta eða lítillækka.

22. Björgun: Hetjunn er bjargað frá árásaraðilum (hlutir í vegi ofsækjenda, hetjan er falin eða felur sig, hetjan breytir um form, hetjunn er bjargað úr lífsháska).
23. Koma án eftirtektar: Hetjan kemur (1) heim til sín eða (2) til annars lands. Er í dulargervi og þekkest ekki.
24. Hetjukrafa: Svikahetja þykist vera hetjan og hafa drýgt þær dáðir sem hetjan gerði.
25. Erfið þraut: Hetjan verður að leysa erfiða þraut.
26. Lausn: Hetjan leysir þrautina.
27. Viðurkenning: Hetjan þekkest og fær viðurkenningu (er merkt á einhvern hátt, hefur fengið einhvern hlut).
28. Afhjúpun: Skúrkurinn (eða svikahetjan) og illvirki hans eru afhjúpuð.
29. Umbreyting: Hetjan fær nýtt útlit (verður fríðari, fær ný föt og svo framvegis).
30. Refsing: Skúrkurinn (eða svikahetjan) fær makleg málagjöld.
31. Gifting: Laun hetjunnar. Hetjan giftist/kvænist og tekur við krúnunni (eða er verðlaunuð og fær hærri stöðu).

(Þýðing: Vésteinn Ólason: 1978)

Kenningar um uppbyggingu ævintýra og annarra munnmæla hjálpa okkur að skilja hvernig þau hafa varðveist í munnlegri geymd í gegnum aldir. Þau eru einfaldlega auðveld að muna. Kerfin sem halda utan um frásögnina hjálpa þeim sem segja sögurnar að muna þær og skapa um leið nýjar útfærslur eftir áheyrandaþópi hverju sinni. Af hverju var fólk samt að segja hvert öðru þessar sögur? Og fyrir hverja eru/ voru ævintýri? Á 19. öld voru ævintýri alls ekki bara sögð börnum, og ef við skoðum þau ævintýri sem safnað hefur verið eru mörg hver uppfull af ofbeldi og hrottaskap sem á nútímamælikvarða þykja alls ekki æskilegt fyrir börn að heyra (atriðum sem oft er sleppt í teiknimyndum). Hvort sem ævintýri hafa alla tíð verið hugsuð fyrir börn eða ekki eru þau í það minnsta í dag mikið notuð í alls kyns barnaefni, bæði bækur og sjónvarpsefni. Grunnur þeirra og form er samt einnig notaður sem efniviður fyrir afþreyingarefni fyrir fullorðna enn í dag (t.d. Í kvikmyndum).

Verkefni

Skoðið ævintýrakvikmyndir sem hafa verið gerðar upp á síðkastið og athugið hvort kenningar þeirra þriggja fræðimanna sem hér hafa verið nefndir passi að einhverju leyti við uppbyggingu myndanna. Hvað með aðrar kvikmyndir eins og *Games of Thrones*, *James Bond* myndirnar eða *Hringadrottins sögu*?

Veltið einnig fyrir ykkur og ræðið hvað það sé við ævintýrin sem fá þau til að höfða alltaf á einhvern hátt til fólks. eru kvikmyndir dagsins í dag kannski bara ævintýri okkar daga þar sem við leyfum okkur að hverfa frá hversdeginum inn í annan heim og upplifa eitthvað óþekkt og spennandi?

-Höfum við þörf á slíku? Rökstyðjið

Skiptið fræðimönnunum þremur með ykkur og kynnið ykkur ítarlega kenningar þeirra. Skiptið hópnum í 3 hópa og takið öll fyrir sama ævintýrið og hver hópur greinir ævintýrið út frá kenningum þess fræðimanns sem hópurinn fékk úthlutað.

-Berið niðurstöður ykkar saman. Hvað sýna þær ykkur?

Munurinn á ævintýrum og sögnum

Þó skilin milli þjóðsagna og ævintýra séu ekki ávallt skörp er á þeim grundvallarmunur, sem liggur í eðli sagnanna. Þjóðsögur [sagnir] eru bundnar við hinn hversdagslega veruleika sem fólk lifir og hrærist í, en ævintýrin gerast í hálfgerðu tómarúmi. Tími og umhverfi skiptir litlu máli, sögupersónur geta hæglega beðið í sjö ár, eða jafnvel lengur, hundrað ef því er skipta eða ferðast yfir hafið á sjómílnaskóm.

(Sverrir Jakobsson, 1996: 8)

Hinn aðalflokkur þjóðsagna eru sagnir. Rétt eins og ævintýrin eru þær hluti af samtíma okkar, sem og fortíð. Ólíkt ævintýrunum eiga þær sér stað í veröldinni í kringum okkur og eru hluti af þeirri heimsm mynd sem sögumaðurinn og áheyrandinn þekkja til. Lagður er einnig ákveðinn trúnaður á það sem í sögnunum gerist, af þeim sem heyrir þær og/ eða þeim sem segir frá. Hægt er að horfa á það þannig að munurinn á fréttum og sögnum liggi í því að ekki sé alveg ljóst hvar eða hvernig sannleiksgildi í sögnum sé. Frásagnirnar skapast þó í kringum einhverja atburði sem verða, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, á einhvern hátt raunverulegir og það er hlutverk þess sem segir frá að sannfæra okkur um að atburðirnir hafi átt sér stað. Samfélagið er fullt af sögnum af þessu tagi sem sagðar eru daglega. Sumar þeirra lifa eingöngu í stutta stund í afmörkuðum hópi meðan aðrar eru langlífari og fá víðari útbreiðslu, lifa jafnvel margar kynslóðir og ferðast milli svæða og landa líkt og ævintýrin.

Rétt eins og með ævintýrin, hafa þjóðfræðingar reynt að varpa ljósi á og skilgreina eðli og uppbyggingu sagna. Sú skilgreining hefur þó vafist fyrir mönnum og ekki allir verið á eitt sáttir um hvernig best sé að afmarka og útskýra þennan víðfeðma flokk þjóðsagna. Sænski þjóðfræðingurinn Carl von Sydow (1878-1952) skipti sögnum upp í tvo meginflokka, *reynslusagnir* og *sögusagnir*. Reynslusagnir eru þá sagnir þar sem sögumaðurinn segir frá eigin reynslu af einhverju, t.d. þegar fólk segir frá því að það hafi orðið vart við drauga, álfa eða aðrar yfirnáttúrulegar verur, dreymt fyrir ókomnum atburðum eða lent í því að fá framandi kjöt á matsölustað sem ekki var getið um á matseðli eða annað í matinn sinn sem ekki er vani að bera fram. Sögusögn er aftur á móti frásögn þar sem sögumaður segir frá reynslu annarra. Reynslusagnir geta hæglega orðið með tímanum sögusagnir þar sem frásögnin kemst á flug og er sögð af fleirum. Um leið tekur hún ákveðnum breytingum og tekur smátt og smátt á sig einkenni eins og þau sem Olrik og Lüthi bentu á. Sagnir sem ná miklu flugi og ferðast á milli landa og landsvæða verða síðan að *flökkusögnum*.



Hefðbundin sögn, hvort sem hún er sögusögn eða reynslusögn, hefur oftast rétt eins og ævintýrið ákveðna uppbyggingu og form. Bandaríski þjóðfræðingurinn Tangherlini skipti sögnum niður í 6 frásagnarliði. Fyrst kemur „útdráttur“ þar sem kemur fram í stuttu máli frá hverju verði sagt. Næsti liður er kynning á staðháttum til að undirbyggja trúverðugleika sagnarinnar. Þriðji liðurinn snýr að einhvers konar vandamáli sem kemur upp, en það verður að vera í sögninni því án þess er enginn tilgangur með að segja frá. Fjórði liðurinn er svo mat á þeim aðstæðum sem sögnin segir frá og sá fimmti skýrir frá þeim afleiðingum sem vandamálið í sögninni hefur í för með sér. Sjötti og síðasti frásagnarliðurinn er síðan viðbót eða tengill, eitthvað sem getur kallað á að önnur sögn komi í kjölfarið. Tangherlini segir þó að ekki þurfi allir sex liðirnir að vera til staðar svo hægt sé að tala um sögn. Aðeins sá þriðji og fimmti, þ.e. vandamálið og afleiðing þess.

Sagnir geta verið nokkuð langar en oftast eru þær ekki meira en nokkrar málsgreinar. Þær segja alltaf frá einhverju óvenjulegu, óvæntu eða ósæmilegu. Sagnir geta svo verið myndnar og aðaltilgangur þeirra að skemmta, en þær geta líka verið grafalvarlegar og sorglegar, allt eftir því hvert undirliggjandi markmið þeirra er. Þetta á jafnt við um nýjar sagnir og þær sem finna má í gömlum þjóðsagnasöfnum.

Hólamannahögg

Tólf menn frá Hólum ætluðu einu sinni suður á land til sjóvertíðar en fengu moldöskubyl á Tvídæguru svo þeir urðu þar allir úti nema einn. Hann komst hálfdaður af þreytu og helkalinn til næsta bæjar. Bóndinn á bænum, sem Hólamenn höfðu árinu áður hætt og misboðið erfði það við manninn, og í staðinn fyrir að veita honum, svo illa á sig komnum sem hann var, góðan beina, sagði hann með miskunnarlausri hæðni: „Nú eru Hólamanna klakksekkir farnir að léttast.“ Þá svaraði hinn þó hann væri kominn í opinn dauðann: „En fyrir það léttast ekki Hólamannahögg,” og rak bónda um leið aleflis kjaftshögg. En svo var maðurinn kalinn að handleggurinn fékk af honum við höggið og hann datt sjálfur dauður niður í sömu sporum.

(Jón Árnason, 1954-1961: 129)

Álfurinn á sambýlinu

Strákur sem ég kannast við var að vinna í þjónustuíbúðum í Mosfellsbæ. Hann var stuðningur fyrir tvo stráka um tvítugt sem eru með Downs-heilkenni, hjálpar þeim með innkaup og annað og þeir geta alltaf hringt í hann ef það er eitthvað. Svo einn daginn, þegar hann er í frí hringir annar þeirra í hann og segir honum að það sé álfur inni í íbúðinni þeirra. Strákurinn skilur ekkert hvað hann á við og segir að það geti nú varla verið. Hinn er alveg viss í sinni sök og segir að þeir félagarnir hafi keypt álf og lokað hann inni í svefnherbergi, en núna séu þeir að verða hræddir við hann því hann sé með svo mikil læti. Strákurinn veit ekki alveg hvernig hann á að snúa sér í þessu en ákveður að kíkja bara til þeirra, þó hann sé í frí. Þegar hann kemur er greinilegt að það er einhver inni í herberginu hjá þeim, þó ekki sé það álfur. Þetta var dvergur (dvergvaxinn maður) sem hafði komið að selja álfa fyrir SÁÁ. Þeir höfðu greitt honum fyrir álfinn en talið sig vera að kaupa dvergvaxna manninn. Þeir hefðu síðan lokað hurðinni og elt hann um alla íbúðina þangað til þeir náðu að læsa hann inni í einu herbergi íbúðarinnar. Dvergurinn var að sjálfsögðu hinn fúlasti en ákvað eftir viðræður við aðstoðarmann þeirra að gera ekkert mál úr þessu.

(Úr safni höfundar)

Heyrðu snöggvast Snati minn

Það er sjónvarpsþáttur í Brasilíu þar sem fólk sendir inn bréf og segir frá því sem það langar til að gera og sjónvarpið lætur drauminn síðan rætast. Unglingsstelpa nokkur sendi inn ósk um að fá að hitta ákveðna poppstjörnu. Þegar hún kom heim úr skólanum einn daginn var búið að koma kvikmyndatökuvélum fyrir í húsinu án hennar vitneskju og tókuliðið og foreldrar hennar biðu í leyni og poppstjarnan á efri hæðinni með blómvönd handa henni, allt tilbúið í beina útsendingu. Þegar hún kom inn úr dyrunum kallaði hún á foreldra sína en enginn svaraði. Hún gekk lengra inn í húsið og kallaði aftur og enn svaraði enginn, nema hvað hundurinn kom og fagnaði henni. Þá fór hún inn í eldhús, opnaði ísskápinn, tók lifrarkæfu, lyfti upp pilsinu, smurði kæfunni á kynfæri sín og kallaði á hundinn. Þetta var allt tekið upp og því sjónvarpað í beinni útsendingu.

(Rakel Pálsdóttir, 2001: 68).

Flökkusögn er sögusögn sem berst manna á milli og heldur lífi innan samfélaga meðan fólki finnst vert að segja hana. Með flökkusögn er átt við sögn sem finna má í mörgum tilbrigðum á ólíkum svæðum. Sem dæmi um þess konar sögn í samtímanum er sögnin hér að framan úr safni Rakelar Pálsdóttur, *Kötturinn í Örbylgjuofninum*. Sú sögn finnst í mörgum útfærslum í mörgum löndum og ganga allar út á það að stúlkur lokka til sín heimilishundinn með einhverju matarkyns fyrir eigin ánægju en vita ekki að fylgst er með þeim. Annað dæmi af eldri flökkusögn frá 19. öld er *Sagan af djáknanum á Myrká* sem er einnig þekkt á norðurlöndunum í öðrum tilbrigðum við þá sögn er sögusviðið ekki Myrká og ekki endilega djákni sem um ræðir, en stúlkan bíður þar eftir ástmanni sínum sem hann kemst ekki til hennar á lífi, en kemur samt og sækir hana án þess að hún geri sér grein fyrir að um afturgöngu sé að ræða. Að endingu áttar þó stúlkan sig á því hvernig í pottinn er búið og nær að bjarga sér.

Þá er búið að skanna útsöluvar í Smáralind og Kringlunni.. fannst nú svosem ekki mikið til þeirra koma en kannski á þetta eftir að lagast greinilegt að sumt var ekki komið á útsöluennþá var verið að tína til

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila

ekki ganga í hóp á Facebook sem var búinn til og er kallaður "að verða faðir eða móðir, er frábær gjöf lífsins" því það er hópur búinn til af barnaniðingum/perrum... í þeim tilgangi að fá aðgang að myndum af börnum okkar.

Vinsamlegast límdu þessi skilaboð á síðuna þína, hvort sem þú átt börn eða ekki saman verndum við börnin

Dæmi um efni sem gengið hefur manna á milli á facebook og flokka mætti sem flökkusögur

frá fb vini Veira á FB. í gegnum myndirnar þínar!

Það segir að þú hafir verið merkt í myndaalbúnum biður þig um að smella á tengiliinn til að skoða myndina. Þar með hakkast tölvan og alla reikninga, þar á meðal banka og tryggja bankareikninga ykkar. Það eyðileggur tölvuna þína. Þegar brot hafi átt sér stað, sendir það tölvupóst til vana þinna og segja að þeir eru tagged í mynd og byrja ferlið aftur! DREIFIÐ SEM FYRST

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila

👍 3

Ef facebook með nafninu Christina Hurley reynir að adda ykkur segiði þa nei!! Þetta er karlmaður með profile mynd af konu og hann er algjör perri og stalkerar ungar stelpur og konur á facebook! Auk þess breytir hann myndum þeirra á perralegan hátt.. Latið ganga!!!

Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila

👍 2

Flökkusögnin á sér engin landamæri en er eins og kamelljón sem breytist eftir aðstæðum, er staðfærð og löguð til eftir tíma og tíðaranda. Þessi flokkur sagna er mjög víðfeðmur og langflestir, ef ekki allir, kunna einhverja sögn af þessu tagi. Með nútímataekni berast sögur hraðar á milli manna en áður og form sagnarinnar verður að sama skapi óljósara. Tölvupóstur sem gengur manna á milli og varar við óprúttum aðilum eða segir sögu einhvers sem ekki hefur átt sjö dagana sæla og lent í ótrúlegum hremmingum getur verið dæmi um sögusögn sem kemst á kreik án þess að sannleiksgildi hennar sé algert.

Innrás hinna utanaðkomandi dauðu

Það má segja að fyrir marga hlustendur á íslenskum kvöldvökum, hafi þjóðsagnir virkað eins og nokkurs konar leiðarvísir. Annars vegar minntu þær fólk á örnefni og leiðir og veittu landslagi sögulega og andlega dýpt. Þær sögðu frá ósýnilegum íbúum umhverfisins, draugum, álfum tröllum og annarskonar landvættum. Hins vegar virkuðu þær sem vegvísir að hegðun; þær undirstrikuðu siðfræðileg og félagsleg gildi og veittu mönnum fordæmi sem þeir gátu fylgt eða hafnað. Um leið minntu þær menn á landamæri tilverunnar, á tíma og rúm, á spurningar varðandi lífið og dauðann, á jaðartíma, á muninn milli heimamanna og útlendinga, og alltaf, líkamlega muninn á hinu menningarlega og hinu villta. Ef menn fylgdu leiðarvísinum, áttu þeir góða möguleika á að lifa áfram heilir og í friði. Ef menn brutu reglur, voru eins miklir möguleikar á að þeir myndu sjálfir lenda í þjóðsagnarsafni eða dánartíðnistölum Hagstofunnar.

(Terry Gunnell, 2006: 47.)

Sagnir takast á við mannlegt eðli okkar og boða ekki aðeins það góða og fallega í manneskjunni, heldur afhjúpa þær hið breyska eðli hennar. Þær afhjúpa þann ótta sem býr í samfélaginu, hvort sem hann snýr að því að álfar, tröll eða draugar vinni okkur mein eða vírus eyðileggi tölvuna okkar. Sagnir koma líka upp um fordómama sem lifa í samfélaginu án þess að við endilega gerum okkur grein fyrir því. Sagnir sem undirstrika staðalímyndir, gagnrýna og gera gys að minnihlutahópum lifa líka góðu lífi meðal okkar án þess að við gerum okkur grein fyrir því hvað í þeim felst. Sagnir virka þannig oft eins og orðrómur eða slúður. Þær berast hratt á milli fólks og fljótlega veit enginn hvaðan þær komu upphaflega.

Einstaklingar hafa þörf fyrir að segja sagnir og hlusta á aðra segja sér sagnir. Þess vegna lifa þær í samfélögum í gegnum aldirnar, en þær breytast og aðlaga sig breyttum lifnaðarháttum og tækni. Tilgangur sagna og hvernig þær eru túlkaðar helgast alltaf af því samfélagi sem þær eru sagðar í. Því er mikilvægt að horfa ekki bara í orðin ein og sér heldur horfa einnig til samhengisins sem sagnirnar eru sagðar í, tilgangi þeirra og virkni. Þá má einnig huga að aðstæðunum og andrúmsloftinu þegar sögnin er sögð, hver segir sögnina og hvar áhugi hans og bakgrunnur liggur. Þetta eru allt hlutir sem þjóðfræðingar taka til skoðunar þegar verið er að túlka sagnir og lesa í samfélög í gegnum þær.

Sagnir og ævintýri, og umræða um uppbyggingu þeirra og tilgang, hafa verið aðalumfjöllunarefni kaflans. Útgangspunkturinn er að allir hafa sögu að segja; allar minningar og reynsla sem fólk segir frá er alltaf sett í ákveðið frásagnarform eftir eðli þess sem sagt er frá. Allt það sem fólk segir hvert öðru er þannig hægt að skoða sem ákveðið þjóðfræðiefni. Brandarar og slúður er einnig hluti af því sem hægt er að safna og skoða með svipuðum hætti og ævintýri og sagnir eru skoðaðar, þó svo að bygging þeirra sé önnur. Það er líka þjóðfræði og segir mikið um okkur.

Verkefni

A). Skoðið þau sagnadæmi sem nefnd eru í kaflanum og greinið uppbyggingu þeirra eftir þeim sex frásagnarliðum sem Tangherlini telur að finna megi í sögnum. Greinið að sama skapi hvort um sé að ræða reynslusagnir eða sögusagnir.

- Skiptið ykkur í þrjá hópá og hver hópur skoðar eina af þeim þremur sögnum sem koma fyrir hér í kaflanum.

- Frá hverju segja þær í raun? Birtast fordómar í þeim eða er gert lítið úr einhverjum hópi fólks?

- Ræðið og skrifið niður á blað niðurstöður ykkar.

- Skiptið upp hópnum þannig að einn úr hverjum hóp myndar nýjan hóp (með þremur í) þar sem þið kynnið að hvaða niðurstöðu þið komust að í fyrri hópnum.

B). Útbúið lista með sögnum sem þið sjálf hafið sagt öðrum

- Hvernig sagnir eru þetta?

- Hverjum segið þið vanalega sagnir?

- Segið þið mismunandi hópum mismunandi sagnir?

- Segi þið t.d. foreldrum ykkar frá því sama og vinum ykkar?

C). Farið sjálf af stað og safnið sögnum og greinið á sama hátt. Berið svo saman þær sagnir sem þið safnið og athugið hvort einhver í hópnum hefur heyrt viðlíka frásögn og þá hvort um sé að ræða flökkusögn.

D). Leitið í [sagnagrunninum](#) og þjóðsagnasöfnum eins og *Gráskinnu*, eftir sögnum sem eru áþekkar því sem þið sjálf söfnuðuð, skoðið hvað er líkt og hvað er ólíkt.

- Finnið sagnir sem koma inn á einhverskonar ótta við eitthvað, hvort sem veran er yfirnáttúruleg eða ekki.

Skoðið á kortinu sem er inni á sagnagrunninum hvar þessar sögur eru staðsettar landfræðilega.

- Hvað segir það um dreifingu sagnanna og þeirra sem segja þær?

E). Farið inn á [ismus.is](#), þar er mikið af frásögnum fólks. Leitið að álfasögnum, fjörulallasögnum eða draugasögnum sem flokka mætti sem reynslusagnir af því sem viðmælendur telja sig sjálfir hafa upplifað, eða mjög náinn ættingi þeirra.

- Eiga þessar sagnir eitthvað sameiginlegt?

Heimildir sem vitnað er beint til í kaflanum:

Gunnell, Terry: (2006). Innrás hinna utanaðkomandi dauðu: Sagnir um sjórekin lík á Íslandi. Í Hrafnkell Lárusson (ritstj.), *Ráðstefnurit: Sjöunda landsbyggðar-ráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi* (47-54). Egilsstaðir: Héraðsnefnd Múlasýslna og Sagnfræðifélag Íslands.

Jón Árnason. (1954-1961). *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* (1. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Rakel Pálsdóttir. (2001). *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusagnir úr samtímanum*. Reykjavík: Bjartur

Sverrir Jakobsson. (1996). *Hlini kóngsson og fleiri íslensk ævintýri*. Reykjavík: Vaka– Helgafell

Vésteinn Ólafsson. (1978). Frásagnarlist í fornum sögum. *Skírnir: Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags* 152, 166-202.

Heimildir sem kaflinn byggir á

Bascom, William, R. (1984). The Forms of Folklore: Prose Narratives. Í Alan Dundes (ritstj.), *Sacred Narrative: Readings in the Theory of Myth* (5-29). Berkeley: University of California Press.

Brunvand, Jan Harold. (1983). *The Vanishing Hitchhiker: Urban Legends and their Meanings*. London: Pan Books Ltd.

Christiansen, Reidar, Th. (1958). *The Migratory Legends: A Proposed List of Types with a Systematic Catalogue of the Norwegian Variants*. Folklore Fellows Communications. Helsinki: Suomalainen tiedeakatemia.

Dégh, Linda. (2001). *Legend and Belief: Dialectics of a Folklore Genre*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.

Dundes, Alan. (1965). *The Study of Folklore*. Englewood Cliffs: Prentice Hall.

Gísli Sigurðsson. (1996). Þjóðsögur. Í Halldór Guðmundsson (ritstj.), *Íslensk bókmenntasaga, III* (409-494). Reykjavík: Mál og menning

Gunnell, Terry (2002). Komi þeir sem koma vilja... : Sagnir um innrás óvætta á jólum til forna á íslenska sveitabæi. Í Baldur Hafstað og Haraldur Bessason (ritstj.), *Úr manna minnum: Greinar um íslenskar þjóðsögur* (191-209). Reykjavík: Heimskringla.

Gunnell, Terry: (2006). Innrás hinna utanaðkomandi dauðu: Sagnir um sjórekin lík á Íslandi. Í Hrafnkell Lárusson (ritstj.), *Ráðstefnurit: Sjöunda landsbyggðar-ráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi* (47-54). Egilsstaðir: Héraðsnefnd Múlasýslna og Sagnfræðifélag Íslands.

Halbwachs, Maurice. (1992). *On Collecting Memory*. Chicago og London: The University Chicago Press.

Holbek, Bengt. (1992). *On the Comparative Method in Folk Research*. Turku: Nordic Institute of Folklore.

Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1981). Þjóðsaga og sögn. *Skírnir: Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, 155, 147-154.

Lüthi, Max. (1982). *The European Folktale: Form and Nature* (John D. Niles þýddi). Bloomington: Indiana University Press.

Oring, Elliot. (2008). Legendry and the Rhetoric of Truth. *Journal of American Folklore*, 121 (480), 127-166.

Propp, Vladimir. (1968). *Morphology of the Folktale*. Austin: University of Texas press.

Rooth, Birgitta Anna. (1982). *Öskubuska í austri og vestri* (Svava Jakobsdóttir þýddi). Reykjavík: Iðunn.

Röhrich, Lutz. (1991). *Folktales and Reality* (Peter Tokofsky þýddi úr þýsku). Bloomington: Indiana University Press.

von Sydow, Carl W. (1948). Geography and Folk-Tale Oicotypes. Í Laurits Bødker (ritstj.) *Selected Papers on Folklore: Published on the Occasion of his 70th Birthday*. (44-59). Kaupmannahöfn: Rosenskilde and Bagger

Tangherlini, Timothy, R. (1990). "It Happened Not Too Far from Here...": A Survey of Legend Theory and Characterization. *Western Folklore*, 49, 372-389.

Tangherlini, Timothy, R. (1994). *Interpreting Legend: Danish Storytellers and Their Repertoires*. New York og London: Garland, Publishing, Inc.

Tangherlini, Timothy, R. (1995). From Trolls to Turks: Continuity and Change in Danish Legend Tradition. *Scandinavian Studies*, 67, 32-62.

Valdimar Tr. Hafstein (2007). The Elves' Point of View: Cultural Identity in Contemporary Icelandic Elf-Tradition. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Vefslóðir:

Öskubuskusaga á bls. 37 https://www.youtube.com/watch?v=_SOL5wG7t1g

Netútgáfan með safni af þjóðsögum <http://www.snerpa.is/net/index.html>

Umskiptingur eður ei á bls. 41: <http://vimeo.com/30800855>

ismus.is

sagnagrunnur.com

Hvað er þá þjóðfræði?

Nokkur orð til umhugsunar í lokin

Nú þegar komið er að síðustu blaðsíðunni í þessu kennsluefni er við hæfi að velta fyrir sér hvað þið hafið lært? Hvað vitið þið núna sem þið vissuð ekki áður en þið fóruð að skoða þjóðfræði?

Þau þrjú svið sem skoðuð voru hér, hefðir, efnismenning og sögur eru öll hluti af þjóðfræði og tengjast hvert öðru innbyrðis. Þessi svið geta ekki verið án hvers annars. Sem dæmi um það má nefna að efnismenning er mjög tengd hefðum, hefðir móta þessa menningu og hefðir eru uppfullar af sögum sem viðhalda hefðunum.

-Hvað er þjóðfræði í ykkar huga núna?

- Hafa hugmyndir ykkar eitthvað breyst?

- Er þjóðfræði hluti af ykkar daglega lífi og þá hvernig?

Kennsluefnið var byggt upp með það að leiðarljósi að nemendur væru virkir þátttakendur í sínu eigin námi og tækju þátt í að skapa hluta af þeim efnivið sem unnið væri með í tengslum við þjóðfræðinámið. Ef þessi hugmynd kennsluefnisins hefur gengið eftir eru þið vísast komin með nokkuð gott safn af ýmiskonar þjóðfræðiefni.

- Veltið fyrir ykkur hvernig þið getið unnið áfram með það sem þið söfnuðuð. Væri hægt að gera útvarpsþátt eða einhverskonar sýningu þar sem aðrir geta fengið að fræðast um birtingarmyndir þjóðfræðinnar og uppbyggingu samfélagsins sem efnið er sprottið úr.